Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E 1943

Víðförull – Bekkjarblað – 12 ára E 1943

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Ýmislegt

Nr. 5 Handskrifuð skólablöð úr Laugarnesskóla

1941 - 1944

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**



# VÍÐFÖRULL

## BEKKJARBLAÐ

## 12 ÁRA E.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

12. 1. 41. II árg.

Ritstjórar eru Guðmundur. Á. Óttar. P. Guðmundur. E. G.

## Dengi tekur á móti Óla.

Dengi: „Jæja, Óli, þá ertu kominn til Reykjavíkur,
varstu sjóveikur á leiðinni?"

Óli: „Ekki mikið, það er nú heldur ekki langt úr
Borgarnesi og (Lagfoss) (Lag/), Laxfoss gengur r
vel."

Dengi: „Hvernig lízt þér nú á þig hérna"?

Óli: „Ég veit nú ekki, óskö́p er mikið af skipum
hér í Reykjavík (og hver) og skelfing eru
sum stór. Hver á þessi skip?"

Dengi: „Ja það er nú ekki svo gott að segja.
stóru skipin eru flest útlend og eru þau að
flytja hermenn, hergögn og vörur (vörur), en

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minni skipin er flest íslenzk."

Óli: „Hvaða rauðu ljós eru þetta þarna uppi á stóra húsinu?"

Dengi: „Þetta hús er Landakotskirkjan, og er hæðsti turn í Reykjavík og ljósin eru til að vara flugvélarnar við að fljúga ekki á turninn þegar dimt er. Þetta hús, sem er hinum megin(n) á götunni er Landakotsspítalinn."

Óli: „Aldrei hélt ég að það væri svona skrítið hérna."

Dengi: „Já, það er margt hægt að sjá hérna, en nú skulum við flýta okkur heim með töskuna þína, svo skulum við koma ofan í bæ."

Óli: „Heyrðu, Dengi, er þetta langt? Eigum við að ganga?"

Dengi: „Ekki förum við ríðandi og heldur ekki gangandi."

Óli: „Nú hvernig þá?"

Dengi: „Nú bíðum við hér þangað til bíll kemur."

Óli: „Áttu von á bíl hingað."



Dengi: „Já strætisvagn fer ætíð hér um öðru hvoru og með honum förum við."

Óli: „Ekki datt mér í hug bíll áðan. Er það þessi bíll, sem kemur þarna."

Dengi: „Já, komdu nú upp í bílinn."

Óli: „Voða er gaman."

Dengi: „Já finst þér það ekki. Jæja, Óli hér förum við úr bílnum."

Óli: „Er þetta kallað ofan í bæ. Nei hvaða stengur eru þetta upp úr húsinu?"

Dengi: „Þetta hús er útvarpstöðin, og þessar stengur eru eitthvað í sambandi við það sérðu þessi hús. Þekkirðu þau."



Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óli: „Nei." Dengi: „þetta er (Alþ) Alþingishúsið þetta er dómkirkjan, þetta er hótel Borg og hérna á horninu er Reykjavíkurapótek og húsið hinu megin á horninu er pósthúsið og hitt húsið sem er áfast við er lögreglustöðin. En nú skulum við fara í lyftu hérna í Reykjavíkurapóteki.

Óli: „Hvað er það?"

Dengi: „þú færð bráðum að vita það. Óli komdu hingað inn:

Óli: „Hvað er þetta (h) herbergið af stað. Sko nú stanzar það."

Dengi: „Komdu nú héðan út, fannst þér ekki gaman?"

Óli: „Jú." Dengi: „Segðu mér nú eitthvað úr sveitinni."

Óli: „Já það er sjálfsagt."

Dengi: „Segðu mér eitthvað um dýrin."

Óli: „Já, við eigum 120 kindur, 8 hesta, 4 kýr, 2 hunda, 1 kött, 20 hænsni. Það var gaman í réttunum."

Dengi: „Hvað er það."



Óli: „Það eru kallaðar réttir þegar fénu er smalað saman á haustin, réttin smera fénu er smalað í (þ) (réttinni) er skipt í dilka og hvert heimili hefur einn dilk og sortirar sitt fje í dilkinn, þá er oft margt fólk þar. Á vorin tökum við ullina af kindunum og á vorin fæðast lömbin, og þá er nú oft gaman."

Dengi: „Viltu lofa mér að vera hjá þér í sveitinni næsta sumar"

Óli: „Já, já."

skrifaði söguna Guðmundur. E. G. samið eftir sama.

## Skemmtilegt ferðalag.

Morguninn 24. maí rann upp fagur og heiðskír og úti var glaða sólskin. þennan dag átti ég að fara til þingvalla. það leið ekki á löngu áður en bíllinn kom. Allir voru ferðbúnir. Brátt lagði bíllinn af stað. Ég gegnum bæinn fyrst hægt en svo harðara,

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar við vorum komin út úr bænum.
Mikil bílaumferð var á veginum. Vegurinn
var sæmilegur alla leið. Við fórum yfir
Hellisheiði. Um hádegið vorum við komin
austur á Kambabrún. Þar er ljómandi
fallegt útsýni. Mest bar á Heklu, Eyjafjalla-
jökli og fleirum fjöllum. Stönzuðum
við litla stund í Hveragerði, og héldum
svo áfram meðfram Ingólfsfjalli,
sem er (kenndd) kennt við Ingólf
Arnarson. Förum við svo yfir Sogið
og upp með Álftavatni til Sogsfossa.
Dvöldum við þar allengi og skoðuðum foss-
ana og rafstöðina þar. Héldum við svo
áfram, meðfram Þingvallavatni og niður
á Þingvöll og fengum við okkur þar



kaffi. Síðan skoðum við Öxarárfoss, sem
er mjög fallegur, en frekar vatnslítill.
Skoðuðum við svo á eftir Bolabás, Öxará og
Almannagjá og helztu staði á Þingvöllum.
Var klukkan þá um sex. Var nú farið að
hugsa til heimferðar og svo var lagt af
stað gegnum Mosfellsdalinn framhjá Brúar-
landi og til Reykjavíkur. Öll var ferðin
hin skemmtilegasta. Sofnaði ég brátt er
heim kom.

Söguna samdi og skrifaði

Óttar Eggert Pálsson

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nefin.

skrifaði: Guðmundur Áki

Einu sinni fengu Mólbúarnir sig fullreynda í reikningslistinni. Þeir voru allir saman komnir á einum stað og áttu að telja hve margir þeir væri. Þeir vissu nú að þeir voru sjö saman þegar. þeir fóru að heiman en þegar þeir fóru að telja, þá taldist þeim að þeir væru sex, en þó vantaði engan þeirra. Þeir reyndu sig nú á að telja, hver af ~~hinum~~ öðrum en komust alltaf að sömu niðurstöðu en það var af þeirri góðu og gildu ástæðu að sá sem taldi gleymdi alltaf að telja sjálfan sig með. Þegar þeir voru lengi búnir



að brjóta heilann um þetta undur þá ráðguðust þeir loks við mann einn um þetta: hann gekk þar fram hjá rétt í þeim svifunum báðu þeir hann að segja sér hvað þeir væru margir. Hann kvaðst halda að þeir væru sjö en ekki gat hann gert Mólbúanum það skiljanlegt þó sýnugur væri. Hann tók þá með sér að stórri og mjúkri kúadellu ~~sem~~ sem lá við götuna og réð þeim að setjast í hring um delluna og reka nefin í hana og telja svo holurnar. Þetta gerðu þeir og nú gátu þeir hver fyrir sig talið sjö holur. Eftir nefin voru þeir þá loksins ~~...~~ vissir um engan þeirra vantaði.

Vitofullt, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

## 13 tbl. márz.

Ritstjórar eru Sigrún Auður Ásdís.

### Fágæt lækning

Í Missorí ríki í Ameríku var á bóndabæ einum hundur, fallegur og vel upp alinn og mesta uppáhald allra á heimilinu. Eitt sinn kom það fyrir að hundurinn hvarf. og fannst hann hvergi, hvernig sem leitað var.

En á hvarfi hans stóð þannig, að hann hafði lagt einsamall á stað til þess að veiða kanínur.

Þegar hann var komin langt frá heimilinu, varð mjög þétt og há gaddavírsgirðing á vegi hans. Hann ætlaði að stökkva yfir

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

girðinguna, en festi vinstri afturfót á milli beggja efstu þáttanna.

Þarna hékk hann í ellefu sólahringa og sneri höfuðið niður. Hvorki náði hann í vott né þurrt, og hlýtur hann að hafa liðið ógurlegar kvalir. Hver tilraun til að losna varð tilefni til nýrrar þrautar og þjáninga.

Að kvöldi ellefta dagsins var veiðimaður á heimleið. Hann kom auga á hundinn og þekkti hann. Þá var hann svo aðframkominn að hann gat varla rótað sér, en dillaði þó rófunni aðeins af veikum mætti.

Veiðimaðurinn losaði hann úr girðingunni og lét hann niður á jörðina, en hann gat ekki staðið á fætur, svo máttfarinn



var hann orðinn. Maðurinn bar hann nú varlega heim á bóndabæinn. Urðu allir þar fegnir því, að hundurinn var fundinn. Var nú ekkert til sparað að reyna að lækna hann. En allt reyndist árangurs. Veiki fóturinn var svo illa farinn, að hann gat ekki gróið.

Þá var það, að hundurinn tók sjálfur að sér lækninguna. Einn morgun, þegar fólkið kom ofan af lofti, til þess að borða árbít, var veiki fóturinn dottinn af. Með yfirnáttúrlegu viljaþreki og þolinmæði hafði hundurinn nagað af sér skemmda fótinn. Þetta sár greri fljótt og vel, og varð sjúklingurinn allata og naut lífsins eins og ekkert hefði í skorist, þótt ekki hefði hann nema þrjá fætur til þess að ganga á.

Endurskrifað af Sigríni Óskarsdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Jólaleyfið

Öll börn hlakka til jólanna, og það ~~gær~~ gerði ég sannarlega líka. Ég man hvað ég var glaður, þegar jólaleyfið byrjaði í skólanum. Þá fannst ~~mér~~ mér jólin vera komin en það ~~liðu no~~ liðu nokkrir dagar þangað til aðfangadagurinn rann upp. Það var gott veður þann dag, og mamma hafði nóg að gera við allskonar undirbúning undir jólahátíðina. Þegar við ~~vorum~~ búin að borða var kveikt á jólatrénu og við gengum í kring um það og sungum jólasálma en síðan var útbýtt jólagjöfunum til allra. Ég fékk myndaspil ~~aspil~~ spil og bókina um Tarzan sterka, og



mart fleira

Eftir Halldór Sigmunsson skrifað af Ásdísi Óskarsdóttur

## Kisa hjá myndasmið.

Lengi hafði kisu langað til að eignast mynd af sér og börnunum sínum fremur. Hún lagði því af stað með þau einn (~~góð veður da~~) góðviðrisdag og fór að hitta myndasmiðinn. Samdist svo með þeim, að hann lofaði að taka myndina, en hún átti í staðinn að eyða öllum rottunum í húsinu hans, er gerðu þar mikinn skaða. Settist hún nú á bekk, og tók framlöppunum utan um tvo kettlingana og hélt þeim föstum með klónum, en sá þriðji varð að standa á afturlöppunum fram við bekkinn og setja sig sjálfur í stellingar.
Sitjið þið nú kyr«, sagði (~~sú~~) kisa, þegar hún var búin að skipa þeim reglulega niður. Nú megið þið hvorki hreyfa löpp né (~~skott~~) lið og ekki dingla skottinu minstu vitund. Hvað ert þú að glenna glirnurnar upp í loftið, Kisius litli, þó að þú sjáir fiðrildi? Skiftu þér ekkert af því. Vertu kyr með kampana, Rottina! og þú Mjáus, breiddu út fram lappirnar og haltu systkinum þínum kyrrum með þeim. (~~Dal~~) Deplið svo ekki augunum, heldur horfið beint fram — svona«. Eruð þið tilbúin? spurði myndasmiðurinn.
Mjá,« sagði kisa.

Eftir Auður Guðmundsdóttir
skrifaði Auður.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

14. 1. h. 1. II árg

Ritstjórar eru Gunnlaugur Halldór

Spámaðurinn

~~(Stjáni)~~
Stjáni: Sæll, Stebbi.

Stebbi: Salum aleikum.

Stjáni: Hvað segirðu?

Stebbi: Ég er galdramaðurinn mikli Gosi Gunfaxi

Stjáni: Ég vissi, að svona mindi fara firir þér. Það hefir losnað smáskrúa í höfðinu.

Stebbi: Það er allt í lagi með höfuðið. Réttu mér höndina, og ég skal spá firir þér.

Stjáni: Fæ ég höndina aftur?

Stebbi: Já, auðvita færðu hana aftur.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hm—— já ekki er það efnilegt

Hm—— o svei, svei hvað þessi lína er bogin

Stjáni: Hvíðinn er verra að hún sé bogin?

Stebbi: ja, síður vildi ég að æfilínan mín væri kengbogin

Stjáni: O. þetta er haugavitleysa í þér. Þú kant ekkert að spá.

Stebbi: Jæja, heldur þú það. Nú skal ég segja þér, hvað ég sé í lófa þínum það stendur þarna að þú hafir líkþorn.

Stjáni: Hvað segirðu, líkþorn?

Stebbi: já líkþorn.

Stjáni: jæja þarna sjest hvað er að marka spádóminn þinn. Viltu veðja um, að ég hafi líkþorn.

Stebbi: já, ég þori það.



Stjáni: Ágætt. Hve miklu eigum við að veðja?

Stebbi: Tíu aurum.

Stjáni: Auminga drengurinn. Þú tapar þeim. Lofaðu mér að sjá, hvort þú átt tíu aura.

Stebbi: sjáðu

Stjáni: jæja, ágætt. jæja, hvar eru nú ~~tt~~ líkþornin?

Stebbi: Bíddu, bíddu nú við. Lofaðu mér að sjá hinn fótinn.

Stjáni: fæturnar á mér eru alltaf eins. En fyrst þú vilt það endilega (fer úr á hinum fæti)

~~Stebbi~~: Stjáni: kannastu við að þú hafir tapað

Stebbi: já, já, þú vanst. en bíddu áður en þú ferð í aftur — Steini kannast þú við að ég hefi unnið?

Steini: já, ég má víst til.

Stjáni: hvað eruð þið að tala um? hefur Stebbi unnið? hvað ~~hefur~~ hann unnið?

Vígorður, Bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stebbi O. bara veðmál. Ég veðjaði 50-aurum að ég skildi geta fengið þig til að fara úr skóm og sokkum úti á miðri götu á tíu mínútum. Og ég vann.

Skrifað eftir Gunnlaug Gunnlaugsson



~~(Sveitar-músin og borgar-músin~~
~~Einu sinni var lítil mús, sem átti heima í borginni, að heimsækja sig. Þegar)~~

Sveitar-músin og borgar-músin

Einu sinni var lítil mús, sem átti heima uppi í sveit, og hún bauð lítilli mús, sem átti heima í borginni, að heimsækja sig. Þegar þær fóru að borða, varð borgar-músin alveg hissa á því, að sveitar-músin skyldi ekki hafa neitt annað til matar en eintómt korn.

„Ég verð að segja það," sagði hún, „að mér finst þú ekki hafa sérlega gott fæði. Þú ættir að sjá hvað er á borðum hjá mér. Ég hefi alls konar krásingar að borða

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á hverjum degi. Þú verður að
koma og heimsækja mig og sjá hve
gott er að eiga heima í borginni."
Sveitar-músin þakkaði kærlega fyrir
gott boð, og skömmu síðar fór hún
til borgarinnar, til þess að
heimsækja hana vinkonu sína.
Það fyrsta sem borgar músin sýndi
gestinum, var eldhússkápurinn í
húsinu, sem hún átti heima í. Þar var
á næstu hyllunni á bak við leirkrukkur
stór bréfpoki fullur af púðursykri.
Borgar-músin nagaði gat á pokann og
bauð hinni að gjöra svo vel að
smakka á góðgætinu.
Litlu mýsnar tóku nú óspart til matar
~~sín~~, og sveitar-músinni fanst að hún



hefði aldrei á æfi sinni smakkað
~~aon~~ annað eins sælgæti. Hún var að
hugsa um það ~~att~~ hve gott borgar-músin
ætti þegar hurðin var alt í einu rifin
upp og eldhússtúlkan fór að ná sér í
hveitimjöl.
„Hlauptu!" hvíslaði borgar-músin að henni, og
þær hlupu eins og fætur toguðu að gatinu
litla, sem þær höfðu komið inn um.
Sveitar-músin var frá sér af hræðslu, en
borgar-músin sagði: „Þetta er ekkert; hún
verður þarna enga stund og við getum farið
inn aftur."
Þegar eldhússtúlkan var farin og búin að loka
skápnum, fóru þær aftur inn í skápinn, og
þá fór borgar-músin með hina uppá efstu
hylluna, og þar var stórt full af ~~ta~~

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ljúffengustu sveskjum, loklaust. Með miklum erfiðismunum náðu þær stórri sveskju upp úr ílátinu og náðar á hyllu og fóru að gæða sér á henni. Þetta var nú enn þá betri matur en púðursykurinn. Litlu sveitar-músinni þótti sveskjan svo góð á bragðið, að henni fanst hún aldrei geta náð nógu stórum bitum. En þá var alt í einu farið að klóra í hurðina og þar heyrðu ógurlegt hljóð: „mjá-á".

„Hvað er þetta?" spurði sveitar-músin. En borgar-músin hvíslaði að henni: „Uss-s-s" og hljóp að gatinu, eins hart og hún ~~og~~ komst. Sveitar-músin hljóp á eftir alt hvað af tók. Þegar þær voru komnar þangað sem þær voru



voru óhræddar um sig, sagði borgarmúsin: „Þetta var hún kisa. Hún er bezti veiði-kötturinn í borginni, og ef hún nær í þig, þá átt þú ekki langt eftir ólifað."

„Þetta er hræðilegt," sagði sveitar-músin. „Við skulum víst ekki fara aftur í skápinn."

„Nei, það er víst betra," svaraði borgar-músin. „Ég ætla heldur að fara með þig niður í kjallara. Því að þar er mikið af góðum mat."

Svo fóru þær niður í kjallara og þar var líka stór skápur með mörgum hyllum. Á hyllunum voru margar leir-krukkur fullar af smjöri og margir ostar. Neðan í bitunum héngu bjúgu, og á gólfinu voru eplatunnur. Það

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vantaði ekki að matarlyktin var góð
þar niðri, og sveitar-músin hugsaði
sér gott til glóðarinnar. Hún hljóp eftir
endilöngum hyllunum og smakkaði á
smjörinu og ostunum, og loks kom hún
þangað sem hún sá óvenjulega fallegan
og ilmandi ostbita á skrítnum palli úti
í horni. Hún var rétt að því komin að
bragða á ostinum, þegar borgar-músin
sá til hennar.

„Varaðu þig! Varaðu þig!" kallaði
borgar-músin. „Þetta er gildra."
Sveitar-músin varð alveg hissa og spurði:
„Hvað er gildra?"
„Þetta þarna er gildra," svaraði borgar-
músin. „Um leið og þú kemur við
ostinn, þá dettur eitthvað þungt



ofan á hausinn á þér og rotar þig."
Litla sveitar-músin horfði fyrst á gildruna
og svo á ostinn og svo á litlu borgar-
músina og sagði: „Þú verður að fyrirgefa,
en ég held að mér sé bezt að fara heim til mín.
Ég vil heldur fá eintómt korn að éta og
fá að éta það í friði og næði, en hafa
púðursykur og sveskjur og ost, og þurfa alltaf
að vera með lífið í lúkunum."
Og svo fór litla sveitar-músin heim til
sín og var þar kyr það sem eftir var
æfinnar.

Skrifað eftir Halldór Sigmundsso.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

15. tbl. 2. árg.

Ritstjórar eru Edda Erla Sigfs Erla Sig.

Kristján fjórði og bóndinn.

Þegar Kristján fjórði Danakonungur dvaldi í Friðriksborgar-höll, gekk hann oft sér til hressingar þar í nágrenninu, og hafði þá gaman að taka tali fólk, sen hann hitti.
Einn morgun var hann á gangi á þjóðbrautinni spölkorn frá höllinni, og þá kom bóndi akandi á móti honum. Konungurinn var orðinn þreyttur, og bað bóndann leyfis að mega aka með honum að höllinni. Bóndinn

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagði að það væri velkomið, og konungurinn settist upp í vagninn hjá honum. Þeir fóru að tala saman og konungurinn komst að því, að bóndinn þekti hann ekki. „Mér þætti annars gaman að því," sagði bóndinn, „að fá að tala við sjá konunginn og skrafa við hann, því að það er altalað, að hann sé svo almennilegur maður." „Já, það er satt," svaraði konungurinn. „Það er ekkert ómögulegt, að þú getir fengið að sjá hann núna, ef við ökum inn í hallargarðinn, því að hann er oft á gangi á morgnana." „Það væri ekki ónítt ónýtt," svaraði bóndinn. „En



hvernig á ég að fara að því að þekkja hann? — því að mér hefir verið sagt, að, að höfðingarnir þarna í höllinni séu eins vel búnir og konungurinn, og hvernig á maður þá að þekkja hann úr?" „Það er enginn vandi," sagði konungurinn, „því að þegar konungurinn kemur, nema staðar og taka ofan, en hann er einn með hattinn á höfðinu." Þegar þeir komu inn í hallargarðinn, voru þar nokkrir hirðmenn að tala saman. Þegar þeir st. sáu konunginn koma akandi með bóndanum, tóku þeir allir ofan og hneigðu sig. Bóndinn leit í kringum sig

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en sá engan með hattinn á
höfðinu, og svo horfði hann á
manninn, sem sat hjá honum, —
en ekki tók hann ofan. „Jája,"
sagði konungurinn, „getur þú nú
~~séð~~ hver er konungurinn?" „Nú,
það hlýtur að vera annað hvort.
þú eða ég," svaraði bóndinn.
Skrifaði Edda Óskars.





# Í sveitinni

Eftir Erlu Sigf.

Þar sem eg var í sveit, var mér
gefið lítið lamb, sem var hvítt, nema
annað lærið á því var svart. Það
var gimbur. Fannst mér lambið svo
skrítið, að eg skírði það Skrítlu. Þá
var eg svo villaus, að þegar eg var spurð,
hvernig það væri á lit, sagði eg að það
væri með þrjú læri hvít og eitt svart, því
að eg hélt að það væri með fjögur læri, en
síðan var mér sagt að það væri bara
með tvö læri. Um ~~haustið~~ sumarið fór
það á fjall með mömmu sinni. En um

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haustið kom það aftur. Þá var nú maðiveikin að ganga og ég seldi það um haustið. En um vorið átti það lamb. En um haustið var mér gefið pínulítið lamb, ný fætt, það var gimbur og nefndi ég hana Vinu. Í fyrra vetur gaf ég henni stundum mjólk úr flösku, sem var með spjélutúttu eða þá úr vaskafati, því að mamma þess dó úr maðiveikinni. Og í fyrra vor fór það norður á fjall, og kom ekki heim í leitunum. Héldu þá allir, að það hefði dáið úr maðiveikinni. En nokkru fyrir jól frétti ég, að það hefði komið. En þá var búin að vera snjór og ~~frost. Svo~~ frost. Svo veit ég ekki betur en að því líði vel.

Eftir Erlu Sigþórsd 11 ára E.
skrifað af Erlu Sigþórsd 11 ára E.



Afmælið hans Bjarna litla.

Það var afmælisdagurinn hans Bjarna litla. Hann hafði farið snemma á fætur um morguninn og var í bestu fötunum sínum. Honum voru gefnar ýmsar gjafir ýmislegt fallegt og hann lék sér allan daginn og var mjög glaður. Hann var 8 ára. Þetta var á þorranum og slæmt veður. Um kvöldið fer Bjarni litli snöggvast út, en þegar hann kemur inn er hann ákaflega daufur og fæst ekki til að leika sér gengur að þér Bjarni minn? spurði mamma hans, ertu búinn að gleima afmælinu þínu? Haltu áfram að leika þér góði minn. Ég sá nokkuð úti svaraði Bjarni, sem mér þótti svo leiðinlegt og þess vegna þykir mér ekkert gaman

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að leika mér lengur. Aumingja hún Brúnskjóna stendur undir bæjarvegg með folaldið sitt, í byljnum og frostinu. og hún verður að standa þar í alla nótt og litla folaldið er alltaf að hana. Mig langaði svo til að hleypa henni inn í hesthús og gefa henni hey en ég þorði það ekki.

Þú ert góður drengur Baddi minn sagði móðir hans: ég skal biðja hann pabba að gefa henni skjónu og láta hana inn.

Síðan fór hún til mans síns og sagði honum alla söguna. Hann fór undir eins út tók fullan laup af heyi og rak Skjónu inn í hesthús



og gaf henni það. Bjarni litli stökk með honum suður að hesthúsi og óð snjóinn upp fyrir hné, og hann horfði með ánægjulegu brosi á Skjónu, þar sem hún stóð við stallinn og át heyið sitt. Þegar hann fór út. leit Skjóna framan í dirnar og sagði: Hne hne hne það hafa sjálfsagt átt að vera þakkaorð til Bjarna. — Nú var litli Bjarni ánægður, hann lék sér það sem eftir var af kvöldinu og Skjóna var svo hýst á hverri nóttu allan veturinn eftir þetta

Kona nokkur sendi son sinn til þess að kaupa 12 aura franskbrauð. Hann sá að brauðið var ekki nógu

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stórt og sagð við bakarann Mér
sýnist brauðið vera minni enn venjulega
bakarinn svaraði Kærðu þig ekki um það
því minna hefur þú að ~~telja~~ bera
Drengurinn lagði 10 aura á borðið og
gekk framm að dyrunum.
Þá kallaði bakarinn. Þú hefur ekki
fengið nóga peninga.
Kærið yður ekki um það sagði drengurinn
þá hafið þér þess minna að telja

Eva Sigríð Björnsdóttir
11 ára E





# VÍÐFÖRULL.

16 tbl I árg

Ritstjórar eru Ingi. S. E. Hörður. H. Jóhann. E. Ó.

## Lyklarnir

Það var einu sinni maður, sem hét Ey-
vindur. Hann átti illa æfi og flakstist bæ
frá bæ. Hann var kominn um tvítugt.
En eitt flókatrippi var aleiga hans. Og svo
seldi hann flókatrippið sitt, og keypti lykla
fyrir andvirðið. Svo kon hann til Jóns ríka,
og baðst gistingar. Jón
ríki tók honum fálega,
og það sem hann fjékk
að borða var bæði ilt og
lítið. Þegar var kominn




Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

háttatími bað Eyvindur Jón ríka að tala við sig, og bað hann að geyma lyklana.
Jón ríki átti dóttur er hét Ólöf. Hann kom til hennar fram í eldhús og sagði henni að fara í sparifötin dekka borðið og bera sem allra bestan mat á borðið. Því að Eyvindur á fleiri lykla, en ég, presturinn, læknirinn og sýslumaðurinn, allir til samans.!
Nú þykir mér komið annað hljóð í strokkinn, sagði Ólöf. Áðan sagðir þú mér að gefa honum eitt þunnildi tólgarmola, og hálfan ask af grasagraut. En þegar var búið að borða háttaði Eyvindur ofan í dúnmjúkt rúm. Jón ríki spurði Eyvind daginn eftir hvort hann vildi ekki eignast Ólöfu dóttur sína, og taka við



búinu. En Eyvindur var tregur til

búinu. En Eyvindur var tregur til þessa, en lét þó undan. Skömmu síðar var brúðkaup þeirra Eyvindar og Ólafar haldið og þótti mönnum Jón ríki hafa kastað ellibelgnum En Eyvindur þótti fyrir myndar bóndi

Ingi S Erlendsson skrifaði.

## Undralimið

Stjáni: (kemur út úr búð með lítinn böggul í hendinni)

Stebbi og Steini (koma að): Þarna er stjáni. Sælinú. Viltu koma upp í hlíð?

Stjáni: Nei ég má ekki vera að því. Verið þið sælir

Stebbi: Nú. Nú, hvað liggur á. Þú getur talað við okkur svolitla stund.

Stjáni: Nei, pabbi sendi mig í búð.

Steini: Þá liggur þér ekkert á, úr því þú ert ekki að

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sækja í matinn. Pabbi þinn má bíða. Hvað keyptirðu?

Stjáni: Límskálp

Stebbi: Leif mér að sjá, ég hef vit á límí. Nú fisklím, búið til úr selsuggum.

Steini: Vitleisa. Það er soðið úr síldarfótum.

Stjáni: Við skulum lesa utan á miðann. Það sjest kannske þar. (Vefur utan af skalpnum og les upphátt): Undra-lím. límir allt, jafnvel tré.

Stebbi: Nei, er það satt. Er hægt að líma tré með því?

Steini: Uss, já, veistu það ekki. Ég bjó einu sinni til krossvið með því.

Stebbi: Nei, nú hef ég ekki við að trúa.

Steini: Jæja, eigum við að reyna? Gerir nokkuð til, þó að við eyðum óskðp litlu af líminu Stjáni?

Stjáni: Ja – ég veit ekki, nei, ef þið takið svo lítið, að það sést ekki: En hafið þið spýtu?



Stebbi: Þarna liggur fjöl á veginum. (Hann hleypur og sækir hana.) Sko!

Steini: Já, en nú vantar aðra, nema þú getur klofið hana með hnífnum þínum

Stebbi: Lofaðu mér að hugsa, – – –, jú nú veit ég það! Við límum fjölina á bekkinn þarna

Stjáni: En ef lögregluþjónninn sér til okkar!

Steini: Hann sér ekkert. Og svo erum við ekki að skemma. Bekkurinn verður miklu sterkari á eftir

Stebbi: Já, það skilur hver kálfur. Fáðu mér nú límið.

Steini: Nei, lofaðu mér. Mér datt það first í hug! (Hann klínir líminu á allan bekkinn.)

Bílstjórinn: (kemur að): Halló strákar, hafið þið séð spýtu hérna?

Steini: (Önnum kafinn.) Ekki nema þessar þarna í gerðinguni

Bílstj.: Ég týndi henni nefnilega af bílnum áðan. Blessaðir látið þið mig vita ef þið – (tekur eftir fjölinni

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá bekknum). Nei, þarna liggur hún!

Stebbi : Hvaða þessi? Nei lasm, þetta er ekki spýta, þetta er fjöl, sem við þurfum að nota.

Bílstj : Þvættingur. Fáðu mér hana.

Stjáni : Við eigum hana. Við (fjandakorna) fundum hana!

Bílstj. : Heirirðu ekki, að ég týndi henni af bílnum komdu með hana, segi ég!

Steini : Skiljið þér ekki, að við þurfum að nota hana!

Bílstj. : Nú, jæja, ef þið viljið, að ég lúskri ykkur — — (brettir upp ermarnar).

Stjáni : (við hina) Nei, við skulum þá skila henni.

Stebbi : Jæja, nú þetta getur verið spýtan hans.

Steini : Gerið þér svo vel, blessaðir, takið þér þá við henni. En þér þurftuð ekki að vera með þessa frekju, finnst mér

Bílstj. : Frekju! Ertu svo ósvífinn í þokkabót

Allir : Nei, nei, þér megið eiga spýtuna.



Bílstj. : Mikið var, að það kom annað hljóð í strokkinn (tekur spýtuna.) Annars get ég, ef þið viljið, kallað í lögregluþjóninn. Hann er þarna

(Bílstjórinn fer)

Stjáni : Lögregluþjónninn kemur beint til okkar.

Steini : Við skulum láta eins og ekkert sé. Hann er kannske fullur, síðan hérna um daginn.

Stebbi : Við skulum setjast og láta eins og ekkert sé (þeir setjast á bekk)

Lögregluþj: (kemur að) Sælir drengir. Var einhver hávaði hérna?

Stjáni : Nei, mikil ósköp, við höfum varla opnað munninn.

Steini : Mikil ósköp, nei, nei.

Stebbi : Já, ekki hef ég heyrt neitt sérstakt.

Lögregluþj. : Jæja, það var gott, drengir. Þið vitið, að bannað er að æpa á götunum. (Hann fer.)

Stjáni : (feginn) Jæja, það var gott hann fór. Nú hleyp ég heim til Pabba.

Steini : Já, nú förum við.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skebbi : Ég verð samferða

(Þeir reyna allir að rísa á fætur, en eru fastir.)

Allir í kór: Ó — undralímið

Hörður Helgason skrifaði

Sumarferðalag.

Ég var í fyrrasumar á bæ, sem heitir Grímsstaðir á Mýrum í Álftaneshreppi. Þá fékk ég að fara í ferðalag með mömmu og frænku minni og nafni hennar. Við fengum góða hesta. Hesturinn sem ég reið, heitir Skolur, og hestur sá er mamma reið, heitir Baldur og sá sem frænka mín reið heitir Óspakur og hesturinn, sem maður hennar reið, hét Bleikur. Við riðum svo út með fjallò nokkra, út að bæ, sem heitir að Grenjum Þar riðu við upp fjallið og inn dal sem



heitir Grenjadalur. Um hann rennur á sem heitir Langá og er mjög falleg. Við renndum í ána á stað sem kallaður er Koteyrar en árangurslaust. Við riðum nú lengra upp dalinn og fórum svo yfir háls nokkurn, og þá blasti við okkur leitarhús Álfthreppinga, sem stendur undir lágu felli er heitir Lambfell og svo er hraun rétt hjá húsinu þar er rétt sem féð er rekið í, þegar því er smalað saman í leitum. Við fengum okkur að borða og drekka, en ekki var maturinn lystilegur því að brauðið var komið í mauk og mjólkin farin að strokkast af hristingunum, því að við höfum matinn í hnakktöskum. Við heldum nú áfram og inn að Langavatni. Þar verðum við

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tvær bleikjur en ekki voru þær stórar. Svo
át ég mig saddan af aðalbláberjum. Okkur
fannst nú tími til kominn að fara heim.
Riðum við svo til baka en ekki fórum við
nú sömu leið, heldur niður dal sem heitir
Hvanndalur og var (~~þvi~~) þá orðið heldur
dimmt og draugalegt. Við riðum niður fjallið
og svo heim og þá var klukkan um tvö
eftir miðnætti. Mér þótti mjög gaman í
þessari ferð og vildi ég ~~oft~~ fara í ferð
slíkar

samið eftir Guðmund E. Guðmundsson

skrifað eftir Jóhann E. Óskarsson



# VÍÐFÖRULL
## 18 tbl. 2. árg

Ritstjórar eru Gudlaug K. Gudlaug S. Gudrídur

### Um sláttinn.

Ég hef nú aðeins verid einu sinni í sveit yfir sláttinn. Mamma var með mér og var hún kaupakona á bænum. Fyrst var nú byrjad ad slá heimatúnid, og var þad allt slegid med orfi og ljá, af því ad þad var ekki svo slétt ad hægt væri ad slá þad med sláttuvél. Svo voru nú engjarnar slegnar, og þá fékk ég stundum ad fara med lestinni, og þad þótti mér nú gaman. Vid krakkarnir fengum oft

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vaka, þegar verið var að hirða, og þá var klukkan stundum orðin margt. Við fórum líka oft út á engjar, þegar komið var út á Krók, sem kallað var. En þangað var klukkutíma gangur. Húsmóðirinn var nú ekki heima, því að hún var ljósmóðir. En dóttir þeirra, sem var 16 ára gömul, annaðist öll innanhússtörf, og svo, þegar hún var búin að ganga frá öllu, (~~for tiun~~) fór hún líka út á engjar. Nú held ég, að ég muni ekki meira. En ég vona, að ég eigi eftir að fara oftar í sveit.

Eftir Kristinu S

Skrifað af Guðlaug K



Á jólatrésskemmtun.

Ég byrjaði að fara á jólatrésskemmtun, þegar ég var 6 ára. Ég fór tvisvar á hótel Borg einu sinni í Oddfelo eina sinna sinni í Iðnó og einu sinni í Verzlunarmannahúsið. Ég fékk margt á þessum skemmtunum t. d. súkkulaði og kökur epli konfektspoka gosdrykki og fleira. mér þótti skemmtilegast á hótel Borg. Mér hefir alltaf verið boðið nema núna, þá bauð leyksistir min mér, en franka bauð mér alltaf áður. Ég fór á jólatrésskemmtun 2 janúar svo byrjaði skólinn 8. januar. Nú er alveg hætt að hafa jólatrésskemmtun á hótel Borg það sem var skemmtilegast

eftir Guðlaugu Sverrisdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Velvakandi og bræður hans

Einu sinni var karl og kerling. Þau (hjón) áttu fimm syni sinn á hverju ári. Ekki var fleira manna í kotinu en þau hjónin og synir þeirra. Einu sinni sem oftar fóru (hjónin) hjónin (og) út á engjar að slá, en skildu bræðurna eina eftir heima því að þeir voru þá stálpaðir orðnir, að óhagtt var að fara frá þeim. Veður var gott um daginn og voru bræðurnir að leika sér úti í kringum bæinn. Þá kom til þeirra gömul og



hrum kerling. Hún bað sveinana að gefa sér (þakkaði þ) að drekka. Þeir gerðu það. Þegar kerling var búin að svala sér, þakkaði hún þeim kætlega fyrir sig og spurði, hvað þeir hétu. Bræðurnir segjast ekert heita neit. Þá (segir) segir kerling fegin Þarf ég að fá að drekka hjá ykkur, því að ég var að þrotin komin af þorsta. En nú er ég svo fátæk, að ég get ekki launað ykkur sem skyldi. Svo ætla ég að gefa ykkur sitt nafnið hverjum og skaltu hinn elzti heita Velvakandi, annar Velhaldandi þriðji Velhöggvandi fjórði Velsporrekjandi og fimmti Velbergklifrandi. Heiti þau

Víðförli, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gef ég ykkur fyrir svaladrykkjanar og vona ég að rentan fylgi nafni. Síðan ~~kvaddi~~ kerling bræðurna og bað þá að muna vel nöfnin. Fór hún svo leið sína. Um kvöldið þegar foreldrar bræðranna komu heim spurðu þau þá, hvort nokkurt hefði komið um daginn. ~~hefði~~ Þeir sögðu eins og var og svo um nöfnum sem kerling hefði sér. Þau létu vel yfir því karlinn og kerling. Fæddust nú bræðurnir upp hjá foreldrum sínum þar til er þeir voru upp (~~komnir~~) komnir.

Þá sögðust vilja fara burt úr kotinu og reyna að framast á öðrum stöðum. Foreldrar þeirra leifðu þeim það.



Lögðu þeir nú af stað ~~og~~ segja ekki af ferðum þeirra ~~fyrri~~) fyrr en segjast, þeir koma til Kóngsins. Þeir biðja kónginn vetursetu en segjast vilja fá hann allir eða enginn. Kóngur sagðist að þeir (~~kóngur~~), skyldu fá að vera hjá sér um veturinn ef þeir vilja vaka yfir og gæta (þeirra) dagra sinna jólanóttinna. Þeir játa því og vera nú allir hjá kóngi. En svo stóð á að kóngur hafði átt fimm dætur. En seinustu jólanæturnar höfðu hver þeirra horfið sín hvora nóttina úr meyjarskemmunni og var þó vakað yfir þeim. Enginn vissi hvernig á því stóð var, létu þeir kóng láta smíða meiarskemmu [illegible]

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vann lega. Nú komu jólin. Fóru þá
kóngsdæturnar þrjár sem eftir voru
í skemmuna og bræðurnir allir fimm.
Ætluðu þeir nú að vaka jólanóttina eftir
Kóngsdætrunum. En þeir sofnuðu allir
nema Velvakandi. Ljós var í skemmunni
og hún harð læst. Fyrri part nætur
sér Velvakandi að skugga bar á einn
glugga sgemmunar, og því næst seildist
inn hönd ógurlega stór og hrikaleg
og eftir num eitnar kóngsdótturinnar
þá vekur Velvakandi bræður sína
í snadr og þrífur Velhaldandi í
lopuna sem eitnin seildist svo (sta) að
sá gat ekki dreiftst (hann a) hana að sér
sem átti þó að hann streittadist við



Kom þá Velhöggvandi og hjó af
höndini við gluggann. Hljóp þá sá
frá er út var og elti bræðurnir hann.
Gat Velsporrekjandi ragið förin.
Komu þeir loks að afarbrötum
hömrum sem eingin komst upp
nema Velbegklifrandi. Hann klifraði
upp hamrinn og kastaði festi niður
til bræðranna. Dró hann þá svo upp
alla. Voru þeir þá staddir við
hellismunna stóran. Þeir geingu
inn í hann. Þar sáu þeir skessu.
Hún var að gráta. Þeir spurðu, hvað
að henni geingi Hún var treg til að
seia þeim það, en þó gerði hún á
endanum. Sagði hún að karllinn
sinn hefði í nótt mist hendina

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og því lei svona illa á sér.
Þeir báðu hana að hugast og bera
sig vel því að þeir gætu læknað
karlinn. En það má enginn á-
horfa á okkur seiga þeir á meðan
við erum að lækna, og erum við
svo varkárir með leyndardóm
okkar að við bindum alla sem
nærri erum svo að enginn
geti komist að okkur á meðan
á lækningunni stendur því að
það likkur mikið við. (Bundu) ~~þeir~~,
~~nú skessuna~~! Buðu þeir nú
skessinni að lækna karll hennar
undir eins ef þeir meiga binda
hana. Ekki var henni um það
en lét þó tilleiðast á ~~binda~~



~~sig~~ endanum. Bundu þeir skessuna
nú rammlega og geingu svo inn í
hellinn til karlsins. Var hann hið
ferlegasta tröll og höfðu þeir
engar sneiplur á því nema
drápu hann undireins. Að því
búnu fóru þeir til skessunnar
og drápu hana. Síðan rannsökuðu
þeir hellin og fundu þar
ekkirt fémætt, sem þeir vildu
hafa á burt með sér. (~~Ekkert~~)
Ekki urðu þeir þar heldur fleira
trölla vart. En þegar þeir
voru að rannsaka hellirinn komu
þeir að dálitlum út hellir og
þegar þeir komu inn í hann
sáu þeir báðar Konungsdæturnar

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem dinduðust. Voru þær að tala (~~um~~) saman. Önnur var þeit er hin hvað sú þikari var að seia að hún ætti að deia í dag. Því að það ætti að hafa hana í jólamatinn.
En í þessu gengu bræðurnir inn til þeirra og leystu þær og fóru með þær til Kóngsins var Kóngur mjög glaður (~~að hann mætti sér ekki~~) Síðan setta upp stóra veislu og giftust bræðurnir Kóngsdætrunum. Lifðu þeir vel og leingi.



# VÍÐFÖRULL

19.1.61. II. á.r.g.

Ritstjórar eru Kristján, Magnús, Óttar.

## Makleg málagjöld.

Lávarður einn á Englandi fór um farinn veg. Sá hann þá bónda með hest og vagn. Vagninn var svo þungur, að hesturinn gat ekki dregið hann. Bóndi barði þá hestinn miskunarlaust. Skammastu þín, að misþyrma veslings skeppnunni svona sagði lávarðurinn. Hesturinn er ekki of góður að þræla fyrir mat sínum. Þetta má ég hafa sagði bóndinn kemur þér þetta ekkert við, því

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ég, hefi keypt hestinn fyrir mína peninga og má fara með hann eins og ~~mér~~ ég ~~sýnist~~ vil. Ég skal sýna þér hve ranglátur ~~sanngirni~~ er í því að maður megi fara með eign sína eins og hann vill," sagði lávarðurinn og stökk af baki bak hestinn sinn og tók svo að berja bóndann með svipunni sinni. Þessa svipu hefi ég keypt fyrir mína peninga. Ég má þá víst fara með hana eins og ég vil.

Kristján ~~H.~~ Hjálmarsson.
skrifaði



Þegar ég var að sendast

Í sumar sem leið var ég sendisveinn í Kiddabúð. Mér þykir gaman að sendast. Þegar ég hef gott hjól og það hafði ég líka, því að þetta hjól var alveg nýtt. Ég hafði nóg að gera, því að þarna var bæði kjötbúð og nýlenduvöruverzlun. Maður þarf að fara gætilega á götunum því umferðin er svo mikil. Ég hef nú sloppið vel hingað til. Samt meiddi ég mig einu sinni það var einu sinni, þegar ég var sendur út á Bráðræðisholt. Þegar ég var búinn að skila sendingunni hjólaði ég niður mikinn bratta á svo mikilli ferð að hjólið steyptist og ég hentist út í skurð og hjólið yfir mig.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ég náði varla andanum, ég fann alstaðar til og var ég farinn að halda, að ég mundi alveg deyja. Svo komu konur og karlar sem þarna voru í fiskvinnu til að hjálpa mér. Sumir til að hugga og sumir til að vorkenna mér. Mér batnaði mikið við það, og sem betur fer reyndist byltan ekki alvarleg. Ég jafnaði mig dálitla stund. Svo hjólaði ég heim til mömmu hálf dasaður og lagði mig í tvo tíma til að jafna mig betur. Síðan fór ég aftur í vinnuna. Þar er vissara að ~~hfa~~ bremsurnar á hjólhestinum í lagi. Mínar voru bilaða og þarna sjáið þið afleiðingarnar



sem samt höfðu getað orðið verri eins og t. d. ef ég hefði steypzt fyrir bíl en sem betur fer lenti ég bara ofan í skur

samið hefur Albert Wathne
skrifað hefur Magnús Ó Magnússon

## Um sláttinn.

Það er alltaf mikið að gera um sláttinn. fyrst er nú slegið túnið og svo er grasinu rakað saman í flekki. svo er því snúið þegar þurkur kemur þegar það er orðið þurtt. er því rakað í garða, annað hvort með hrífum eða raxtrarvél. Svo er heyið annað hvort flutt inn í hlöðuna á sleða eða með ýtu. Svo er farið á engjar, þegar búið er að slá það, af þurkað sem á, er heyið bundið í bagga og flutt heim og

Eftir Guðmundur Áka

Viðtorull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Um sláttinn.

Einu sinni fór vinnumadurinn og bóndin út á tún til þess að slá. Þennan dag var blíða logn og sólskin og þá var líka hægt að þurrka heyið. Alt fólkið fór út á tún til þess að raka. Það ætladi líka að nota daginn vel. Það var keppst við langt fram á kvöld. Þegar að þurrka heyið, var farið með það á heygrindinni heim í hlöðu. Við krakkarnir hjálpudum til að taka heyið upp í vagninn og fengum að sitta í vagninum heim að hlöðu

Eftir Guðríður Þorvalds.



## Um sláttinn.

Þegar ég var sveit var ég á Stokkseyri. Þar var byrjað að slá í apríl en ekki var byrjað að hirða heim fyrr en í ~~nóvember~~ september. Þegar flest allt fólkið fór að slá eða raka fór ég oftast með því til þess að hjálpa því og var þar einn drengur sem hét Jón. Einu sinni þegar ég fór með Jóni á heyvagni. Þá var hesturinn allt í einu kominn á harða sprett; hann fór svo hart að ólarnar slitnuðu. En við fundum ráð við því, við náðum í dálitinn kaðalspotta og bundum hann við, þar sem slitnaði. Svo héldum við bara áfram eins og ekkert hefði í skorist. Þá komum við að litilli lækjarsprænu og þar var brú yfir. Fyrir neðan sprænuna stóð maður með veiðistöng. Loksins komum við

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að engjunum með heyvagninn. þar var
margt fólk að slá eða raka. Við fórum
þangað að raka með fólkinu, en flestir
karlmennirnir voru að slá af kappi.
Eftir nokkra klukkutíma fórum við
að þreytast, og þá fórum við Jón
niður að lóni sem var þarna nálægt.
þar náðum við í tvo báta, sem við höfðum
smíðað daginn áður. Við létum þá sigla
mörgum sinnum yfir lónið, en við stóðum
á bakkanum til þess að ná í þá, þegar
þeir komu að landi. Einu sinni þegar
báturinn hans Jóns var að koma að landi.
þá kom allt í einu vindkviða undir
bátinn svo að honum hvolfdi. Við stóðum
á bakkanum ráðalausir. þá spurði



Jón (spurði Jón), hvort það væri ekki hægt
að nota hrífu til þess að ná í hann. Ég
sagði: ,, Jú "; Ég bað Jón að ná í hana.
Hann kom að vörmu spori með hrífuna.
Ég tók við hrífunni og þikkaði henni
út á lónið. Í fyrsta skiptið misheppnaðist
það, en í annað skiptið heppnaðist það. Við
drógum bátinn að landi og létum hann
á bakkann til þess að þurrka seglin
á honum. Svo fórum við að raka aftur.
Loks var komin tími til að fara til
Stokkseyrar.

Óttar Eggert Pálsson.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Um sláttinn.

Ég var úti í Viðey í sumar, um sláttinn
Ég fór með afa mínum út í Lundey
að slá, og annar maður með, sem
ætlaði að slá þar líka. Hann var með
annan strák sem hét Hreinn en var
alltaf kallaður Hreini. Ég og Hreinn
fórum að skoða eyna. Þegar við vorum
búnir að skoða eyna áttum við að bera
draslið upp að tjaldstæðinu. ~~Þegar~~ Það
var steikjandi hiti svo að við urðum
hófsveittir. Svo hituðum við kakó. Og
svo kölluðum við á Bergþór í kaffið.
Við vorum svangir, því að við vorum
búnir að vinna svo mikið.

Magnús Ó Magnússon samdi
skrifað af Óttari Pálssyni.



# Um sláttinn.

Ég var í sveit í sumar, Bærinn, sem ég
var á heitir Miðfell. Mér þótti bjarska
gaman um sláttinn, en ~~og~~ mest þótti mér
þó gaman, þegar var verið að hirða. Þá
fékk ég stundum að ~~rigsja~~ á heysleðanum
að hlöðunni. Svo vorum við krakkarnir að
henda okkur í heyið í og rakaði, en það
var ekki eins gaman þegar verið var að hirða
þar, eins og heima á túninu. Það voru svo
miklar þúfur þar og þá svo vont að raka.
Svo voru líka gerði niður á engum, sem
búið var að slétta. Einu sinni var ~~að~~ smíðað
hlaða niðri á túni sem við gátum bara
ýtt heyinu inn af stórum bletti af túninu.
Mér þótti líka afar gaman að súa heyinu,
þegar þurkur var.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Oddný Þóra Björnsdóttir samdi
~~skrifaði~~ skrifað af Óttari Eggert Pálssyni.

Um sláttinn.

Til þess að geta slegið verður maður að hafa orf og ljá. Svo er ljárinn bryndur á hverfisteini. Því næst er ljárinn sleginn í orfið. og svo er borið niður, sem kallað er. Það þykir góður sláttumaður, sem slær 10 kapla á valllendi á dag, en þrjá til fjóra kapla á dag í mýri. Þegar búið er að slá, er grasið rakað saman í flekki og þurrkað, og gengur það oft með ýmsum erfiðleikum. Þegar loks hefir tekizt að þurrka heyið, er það bundið í reipi, nefnist bággi sáta. tvær sátur nefnas einn kapall. Nú eru sáturnar reiddar heim á hestum. Stundum er heyinu ekið heim í



heygrindum, og látið í hlöðuna, og er þá oft gaman að leika sér í heyinu. Stundum fáum við krakkarnir að sitja ofan í milli sátanna á hesunum, þegar reitt er heim, og þykir okkur það gaman. Það er oft gaman að leika sér í heyinu alveg strax og búið er að slá heyið, þá búum við okkur til hreiður. Við búum til stabba og höfum það hreiður og þykjumst vera fuglar. Á bænum, þar sem ég er á sumrin. eru tíu krakkar. Það er gaman að leika sér við þá. Þeir eru glaðlyndir skemmtilegir. Strákarnir heita Ottó, Elías, Bragi, Siggi T. Siggi Kalli, og stelpurnar heita Unnur Eiríín, Erla og Auður. Þar eru sex kýr, er heita Hryggja, Díla, Lauta

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brynja, Búkolla, Bandlín, Drífa.

eftir Halldóru Erlu.
skrifað af Óttari E. Pálssyni.

## Um sláttinn.

Ég kom upp í sveit hálfum mánuði áður en slátturinn byrjaði. Á föstudegi voru vélarnar teknar út og smurðar og hreinsaðar og svo sagði bóndinn, að það ætti að fara að slá daginn eftir. Þegar búið var að hreinsa og smyrja vélarnar voru hestarnir sóttir og hafðir inni yfir nóttina. Klukkan 8 morguninn eftir var ég vakinn og sagt að raka frá eftir sláttuvélina. Ég var allan daginn að raka frá. Á sunnudaginn var góður þurrkur. Var ég tvo tíma að snúa. Á mánudaginn



var lítið að gera annað en það að ég þurfti að snúa dálítið. Þegar heyið var orðið þurrt kom skemmtunin og það var að aka heim í hlöðu þurra heyinu. Ég þurfti ekkert að gera annað en labba hina. Þegar búið var að slá allt túnið var byrjað að slá engjarnar sem voru litlar en mest véltækt. Þegar engjarnar voru búnar var túnið slegið í seinna sinn og var það hey allt látið í súrhey-gryfjuna. Næst síðasta daginn sem ég var að þeirra heim skemmukaðallinn sem heyið var ~~kaðal~~ halað upp í datt hlassið niður á vagninn strikaði hann þá og ~~slitnaði~~ slitnaði kaðalútbúnaðurinn og fældist hesturinn. ~~Klk~~ Klukkan 2½ vorum

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við búnir að koma öllu heyinu inn og þá fórum við í sparifötin sín. Síðan fóru allir niður og var þá búið að steinþorna fullnægar. Þegar búið var að borða þá fór fullorðnafólkið að skemmta sér en við strákarnir fórum í leiki ~~[illegible]~~ belgutzeiki síðastaleiki og fleiri leiki. Viku seinna var gjörðað af ~~[illegible]~~ helmingurinn af túninu og kýrnar látnar svo orðið sér girt hafði verið frá. Þeimur dögum síðar fór ég til Reykjavíkur.

Jóhann E. Óskarsson samdi

Skrifað af Óttari E. Pálssyni.



# VIÐFÖRULL

## 20 t. b. l. Maíg

Ritstjórar eru Halldóra Erla Halldóra Sveins Kitty.

### Sýnin hans Kjartans litla

Ég átti ennþá heima á sama bænum og áður, sem sagt er í sögunni af Jullu og Dúfu. Þar þótti mér betra og betra að vera með degi hverjum. Það var sannur sælustaður fyrir mig. Og ég var nú alveg hættur að hugsa ~~um~~ til heimferðar. Fólkið var ~~allt~~ mjög gott við mig, og mér féll ~~ágæt~~ ágætlega við leiksystkini mín, Valda, Bjössa, Stebba og Óla, og litlu skylgurnar systur þeirra, Imba, Simba. Gunna og Siggu. Og nú var vorið komið með sólskinið og heiðríkju og fjörugan fuglasöng. Sleða, skíði og skauta höfðum við lagt á hilluna fyrir löngu. Vetrarleikirnir voru á enda. Í þeirra stað höfum við nú margs konar gleðskap og gamanleiki úti á grasi grónum völlunum og uppi í hlíðarbrekkunum í kringum bæinn.

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mest þótti okkur drengjunum gaman að glímu

R. Besta vininn okkar höfðum við nú mist úr höfninum. Hann Júlli var dáinn. Og enginn hafði verið okkur eins tryggur og góður og hann. Sorgi söknuðum við hans, og það kom okkur saman um, að hvergi í heiminum gætum við fundið eins góðan vin og hann. En tíminn græðir öll sár. Það sannaðist líka hér. Við hugguðum okkur við þá hugsun, að nú væri Júlli sæll í öðrum æðri heimi, miklu sælli en hann var hjá okkur, og þar mundum við einhverntíma fá að finna hann aftur.

Freysteinn Gunnarsson þýddi skrifað af Halldóru Erla



## Mýsnar mínar.

Fyrir skömmu var ég að lesa í gamalli „Æsku" um mýs, sem höfðust við í moðbing (~~í eldhúsi~~) í eldhúsi. og barn í bænum gaf þeim alltaf (£) og þar voru mjög gæfar, en nú langar mig til að segja ykkur um mýsnar mínar.

Það var haust þegar ég fann þær, og það atvikaði þannig, að ég var beðin að kalla á piltana í matinn og á heimleiðinni var ég að bunda í hesthúskofa fyrir vestan bæinn og er að fara út þá heyri ég þrusk og lít við sé ég holu inn í vegginn uppi í stallinn og litla kvoða og svört tindrandi (?) augu. Ég sé strax að þetta er mús.

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og pikraði mig innar og ætlaði að sjá hana betur, en þá skaust hún inn í holuna. Um kvöldið lét ég brauðmola og saxaði (~~kartöflur~~) kartöblur fyrir framan holuna, og um morguninn var hún búin að éta mikið af þeim. upp frá því lét ég alltaf mat við holudyrnar Mig langaði afar mikið til að gera hana óhrædda við mig og eitt kvöldið þegar ég þarði (~~henni~~) þeim matin sinn, beigði ég mig niður en kíkti gegnum rifu á stallinum. Ég bíð lengi en ekki kemur músin ~~ég~~ er þann vegin að missa þolinmæðina og fara þá kem ég og augu á litinn skugga inni í holunni, svo kemur hún út og fer að (~~éta~~) éta. Ég horfði



á hana, þangað til hún fór. Næstu daga gerði ég alltað hið sama og eitt sinn sma rétti ég úr mér þangað til ég stóð alveg upp rétt. Hún horði á mig svolitla stund hljóp svo inn í holuna en kom von bráðara aftur út í dyrnar og gondi á mig en ekki þorði hún í matinn smátt og smatt varð hún gæf, og seinast át hún matin sinn í mestu róleg heitum þott ég staði við stallinn. Músin mín var sílspikuð, og ég gaf henni alltaf. Einu sinni þegar ég kom að heimsækja hana þá var hún að éta en lítill músar ungi stóð í dyrunum Hún var nú varari um sig en endranær, ég hafði líka ekki séð hana nokkra daga á undan Ég fór nú (~~meira~~) að láta meiri mat hjá þeim ungin var gerur eins og móðirinn

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar fór að kólna að ʳnáði, hurfu mýsnar, og síðan hefi ekki séð þær en ég sá mikið eftir þeim; ég vona samt, að þær hafi ekk dáið aðeins hafa ~~bústaðaskifti~~.

Lilla (11 ára) samdi

Halldóra Sveinsdóttir skrifaði.

## Á leiðinni í skólann!

Einn dag ~~a~~ ekki alls fyrir löngu var ég á leið í skólann með tveim vinstúlkum mínum og bróður mínum. Við fórum niður á Framnesveg og biðum ásamt fleira fólki eftir strætisvagninum. Laks, þegar strætisvagninn kom, var svo margt fólk fyrir í honum að við með ~~smá~~ naumindum komumst inn. ~~En~~



~~Ena~~ En þegar að Garðastræti kom, virtist mér sem maður hleypi fyrir bílinn. Hemlaði þá ~~þ~~bílstjórinn en í sömu svifum valt bíllinn á hliðina. Að líkindum hefir liðið yfir mig. Um leið og bíllinn valt á hliðina, kastaðist eitthvað í höfuðið á mér. Þegar ég raknaði við sat ég í fanginu á manninum, sem sat í sætinu, sem ég hélt mér í. Þá heyrði ég að kallað var: „~~Bar~~ Bjargið þið börnunum fyrst." Því næst var okkur lyft~~ið~~ upp um dyrnar sem sneri ~~ú~~ upp. Þegar ég kom út á götuna rankaði ég fyrst almennilega við ~~mér~~. Þá sá ég, að vinstúlkur mínar og bróðir minn voru komin út, og önnur

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er vinstúlka mín hélt á skólatöskunni minni. En þegar við fórum að athuga í hvað mikilli hættu við höfðum verið, fórum við stelpurnar að skæla, og skældum alla leiðina ~~niðurískóla~~ niður í skóla. En bróðir minn var hinn brattasti, því að hann var með þeim, sem lentu efst. Við komum auðvitað alltaf seint í skólann, og báðum kennara okkar afsökunar á því og sögðum ástæðuna fyrir því. Síðan er ég alltaf ~~haft~~ hálf smeyk í bíl.

Sigrún Óskarsdóttir samdi



# VÍÐFÖRULL

21. 1. 61. Ö. árg

samið eftir Óttar E. Pálsson

## Á leiðinni í skólann

Ég legg oftast af stað í skólann, þegar klukkuna vantar tuttugu mínútur í átt. Ég fer stundum fram hjá Alþingishúsinu, sem er alltaf fullt af stjórnmálamönnum. Alþingishúsið var haft sem skóli fyrir háskólann en nú sem kunnugt er búið að búa til nýjan og góðan háskóla. Alþingishúsið var reist árið 1887. Elstae húsið, sem er í bænum, var smíðað árið 1862, það er Doktorshúsi, sem er til enn og er það við Ránargötuna. En í fyrra kom upp í því eldur, svo að það varð að gera við það. Ég gekk einu sinni sem ofta fram hjá Alþingishúsinu þá kom slökkviliðið blgandi fyrir hornið og heill hópur af skólabörnum til þess að elta það. Ég fór á

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir því, en þá var það horfið fyrir götuhorn.
Ég stökk yfir Austurstræti og var þá kominn að
„Pennanum," þegar brunaliðsmaður kom á hjólhesti.
Ég fylgdi honum eftir. En loks nam hann staðar
við hafnarhúsið. Ég spurði einn manninn, hvort það
væri „Plat" Hann sagði „Já". Þarna voru margir brunaiðsmenn
með gullaldarhjálm eins og Þorskinn Erlingsson segir
í vísunni. Sem heitir: „Þú ert móðir vor kær."
Brunamennirnir voru að tala um hitt og þetta.
Þá gekk einn þeirra að brunaboðanum brotnum,
og setti gler fyrir. Svo gekk hann með hægð aftur að
brunavögnunum, og opnaði skáp á einum brunaliðsbílnum
og tók bók út úr honum og fletti svo blöðunum
við og skrifaði eitthvað í hana. Svo fóru brunaliðsmenn
að hringja og í sama bili stukku allir brunaliðsmennirnir
upp í þá. Svo fóru þeir. Það var einu sinni þegar ég
fór í skólann, þetta var þegar ofviðrið var,



og fór ég niður Kirkjugarðsstíginn eins og ég er vanur.
Ég veit ekki fyrr en ég fauk niður allan stíginn
og á vegg, sem var þarna. Svo ég meiddi mig smá
furðulítið. Ég las fyrir nokkru í bók sögu, sem
hét Mannskaðinn á Mosfellsheiði. Það var draumur.
Maðurinn, sem dreymdi þennan draum hét Pétur og
var Einarsson. Draumurinn er svona: Maðurinn
dreymdi, að hann gengi suður Kirkjugarðsstíginn og
tíndi upp nokkra gullpeninga af frosinni götunni
og mælti: „Þar hef ég þá fjórtán." Í sama bili
vaknaði hann. Svo gekk ég niður Suðurgötu og inn
Vonarstræti. Þegar ég var móts við Iðnó, þá fauk
hattur af manni. Ég hljóp á eftir hattinum og náði
honum í porti sem þar skamt frá. Svo fór ég með
hann til eigandans eigandinn fór að bjóða mér
borgun, en ég þáði hana ekki. Svo hvarf maðurinn
maðurinn út í bílinn
~~veðrið~~ fótt versnaði veðrið óðum, svo að ég þurfti að flýta mér

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til skólans. En þegar ég kom fyrir skólahúsið,
var skólabjöllunni hringt ~~skólabjöllunni~~ svo fóru
börnin að raðast í raðirnar.

Skíðaferð.

Það var föstudagurinn 5. febrúar. Ég var að
koma úr skólanum, klukkan var þá um 5½.
Ég kem inn, mamma kemur, til mín
og sagði mér að ég ætti að fara á skíði á
sunnudaginn. Mig hlakkaði svo mikið til að ég
talaði ekki um annað en skíðaferðina alla
vikuna. Sunnudagurinn rann upp, það
var mjög gott veður, ég reis upp í rúminu
og spurði, hvaða dagur væri í dag? „Það
er sunnudagur, ætlarðu ekki að fara á fætur
og fara á skíði?" „Já ég held það nú." Ég klæddi mig
í snatri í hlý föt, til þess að mér yrði ekki kalt.
Þegar ég var komin á fætur kom mamma til



mín með heitt kókó með reglulega góðum kökum. Ég
borðaði þett fljótt, með góðri list, fór svo niður
í kjallara tók skíðin mín út. batt þau saman
svo fór ég inn og fékk mér þar húfu og
vettlinga. Ég fór svo af stað ég fór beint til
Magga frænda og lét skíðin mín þar inn í bílinn,
fór svo inn til hans með honum. Þegar hann
var kominn inn drakk hann, og fór svo út og
lét skíðin sín og Jósefs inn í bílinn. Ég og
Jósef förum inn í bílinn og svo af stað.
ég sá ekkert út, svo ég get ekki sagt neitt um
leiðina sem við fórum. Við Jósef biðum inni í
bílnum og vissum ekki hvar við vorum, alt í
einu stanzaði hann, ég opnaði hurðina og sá
að ég var komin upp eftir. Tók ég svo skíðin okkar
út og við festum þau á okkur, svo héldum við af
stað upp í skála. Við vorum komnir upp í skála.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

klukkan 12 á hádegi við borðum í skálanum og förum svo út og renndum okkur til klukkan fjögur. En þá förum við inn tökum pokana okkar og héldum af stað heim og vorum komnir heim klukkan sex. Þetta er einn af skemmtilegustu dögum sem ég hef lifað. Vilhjálmur Steinn Vilhjálmsson

## Á leiðinni í skólanum.

Einu sinni var ég á leiðinni í skólann, þá var ég að koma fyrir hornið á Vonarstræti, þá kom hjó á fleygiferð og á mig, ég fór þrjá hringi yfir mig, mikið fanst mér ég hafa sloppið vel að ég meiddi mig ekki meir en svo að það kom smá skeina á olbogann, en ég var skítugur frá hvirfli til ilja. Ingi var með mér og hjálpaði hann mér að bursta af mér mestan skítinn.

Vilhjálmur Steinn Vilhjálmsson



## Helstu atburði vetrarins.

Einn daginn þegar ég var að enda við að læra kemur Ingi á harðahlaupum inn til mín og segir: að margir strákar ætli að kaffæra sig og biður mig blessaðann að hjálpa sér. Ég stóð upp og gekk út að glugganum, þá sé ég hvar tveir strákar koma og leggjast á magann sinn hvoru meginn við hliðið. Þá segi ég við Inga. Við skulum fara út kjallarameginn og fara aftanað



þeim, þú skalt svo fara þarna upp fyrir húsið og svo skaltu rjúka á strákinn og kaffæra hann en ég fer hérna og geri það



sama við hinn strákinn. En vartu ekki að segja að strákarnir væru margir. Jú en þeir eru samt ekki fleiri en

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tveir sagði Ingi. Fór ég svo af stað, mér
tókst vel að komast aftan að strákunum, svo
kom Ingi og honum tókst þetta vel líka svo
sló ég hendinni niður og þá rukum við
á strákana og kaffærðum við þá. Svo sagði
ég Inga að binda hendurnar á strákum fyrir
aftan bak, og gerði ég sama og svo
létum við þá valsa með hendurnar
bundnar fyrir aftan bak. Vilhjálmur Steinn.

## Aðal atburðir vetrarins.

Aðal atburðir vetrarins finst mér vera snjórinn, því
að hann kemur á hverjum vetri. Skíða og skauta
íþróttir eru mikið iðkaðar yfir veturinn. Þegar mikið
snjóar fer fólk með skíði sín upp til fjalla eða þangað,
sem það finnur góðar skíðabrekkur og skemmtir
sér þar margur vel. Þegar (vel) vötnin leggja ísi fer
fólk á skauta og er oft þröngt á ísnum þegar svæðið



er takmarkað. Veturinn er oft kaldur og illur
viðureignar bæði á sjó og landi. Svo eru
jólin stór viðburður vetrarins þau koma í
skammdeginu og gleðja margan, þau eru haldin
í minningu um fæðingu frelsarans.

samið og skrifað eftir Guðmundur Einar. G.

## Hattulegur hrekkur.

Maður einn var á ferð í stórum bíl og hafði lofað þriggja
ára syni sínum með sér. Drengurinn horfði út
um opinn glugga á bílnum. Þá langaði pabba hans
til að leika á hann, tók hattinn hans og lest kasta
honum út um gluggann. Drengurinn saknaði
hattsins og varð mjög hryggur Pabbi hans huggaði
hann með því, að hann gæti blístrað hann
til hans aftur. Svo blístraði hann og hatturinn
kom í ljós. Litlu seinna tekur drengurinn hatt sinn
og hendir honum út um gluggann og segir: Blístraðu

Viðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann nú til mín aftur, pabbi." Í þetta sinn gat pabbinn það ekki, og allir í bílnum ultu um sig af (hl) hlátri, af því hvernig þessi hrekkur hans kom honum sjálfum í koll.

tekið upp úr Sólskin. skrifað eftir Guðmund Einar Guðjónsson

## Vélin sem skrækti.

Nokkrir farþegar á skipi einu fengu leyfi til þess að skoða vélarnar í því. Þeir fóru nú að athuga þær. Þar í grend sáu þeir ókunnan mann, sem virtist vera að gera hið sama. Allt í einu heyrðu þeir ískur í vélunum hinum megin í vélarrúminu. Vélamaðurinn greip olíukönnu, hljóp þangað sem hljóðið kom og hellti þar óspart olíunni. Nú gekk allt vel um stund, þá heyrðist skrækja í vélunum á öðrum stað. Vélamaðurinn stökk þangað og bar þar á. Þegar þetta var búið að endurtaka sig lengi, sá vélamaðurinn, hvernig í öllu lá. Ókunni maðurinn var búktalari. Vélamaðurinn læddist aftan að honum og hellti því sem eftir var í könnunni



ofan með hálsmálinu á honum og sagði: „Ætli þessi gamla vél hætti nú ekki að skrækja."

tekið ~~eftir~~ upp úr Sólskin. skrifað eftir Guðmund E. G.

## Gamlar bollur.

Svangur ferðamaður kom að kaffihúsi. Hann sá auglýst í glugganum, að þar fengist kaffi og ágætar bollur. Hann gekk inn og bað um kaffi og bollur. En þegar hann beit í bolluna, fann hann að hún var bæði hörð og þur. Þegar hann kvartaði um þetta, reis gestgjafinn upp og sagði: „Ég hefi bakað bollur áður en þú fæddist." „Sé svo, er þetta víst ein af þeim sem þú bakaðir áður en ég fæddist," sagði gesturinn.

Tekið upp úr Sólskini skrifað eftir Guðmundur E. G.

## Eintóm vitleysa.

Prestur í Suður-Ameríku hafði blámann í þjónustu sinni. Einn sunnudag, þegar prestur var að messa, varð honum litið út í horn,

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem negrinn sat. — Hafði hann blað og blýant og páraði í hamförum. Presti þótti þetta kynlegt, því að hann vissi, að negrinn var hvorki læs né skrifandi og þekkti engan staf. Eftir messu spurði prestur hann, hvað hann hefði verið að gera um messutímann. „Ég var að skrifa upp úr ræðunni," sagði negrinn. „Það gerir hreppstjórinn." „Láttu mig sjá það sem þú skrifaðir," sagði prestur. Negrinn sótti nú blöðin og sýndi presti. Prestur fór að athuga krassið á blöðunum og sagði: „Já en þetta er eintóm vitleysa frá upphafi til enda." „Já, það var nú ~~ein~~ einmitt það, sem mér fanst líka alltaf, meðan þér voruð að flytja það," sagði negrinn.

skrifað eftir Guðmundi Einar. G. tekið upp úr Sólskin.

## Skrítlur

„Þarna uppi í himninum sérðu hinn fræga Karlsvagn, Gunnar litli." Gunnar: „Hve margra skyldinga er hann, pabbi?"



## Ökuleyfið.

Nonni litli var alráðinn að verða bílstjóri þó hann væri ekki nema þriggja ára gamall. Og svo mikið vissi hann, þó stuttur væri, að allir bílstjórar verða að fá ökuleyfi, og ef þeir aka án þess að hafa það, getur lögreglan tekið þá og sektað þá. Hann tók sig því til og labbaði á lögreglustöðina. Þar hitti hann ógurlega stóran lögregluþjón sem spurði ósköp vingjarlega. (Hver hann væri) hvað hann héti og hvað hann vildi. „Ég heiti Nonni og vil fá ökuleyfi hjá þér." „Já rétt er það. Og til hvers

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvers viltu fá ökuleyfi vinur minn."
Nú, ég ætla auðvitað að verða bílstjóri
svaraði Nonni. „En hvernig er það áttu
þú nokkurn bíl?" „Já, já. Pabbi gaf
mér spítubíl í afmælisgjöf en hann
er nú orðinn ónýtur. En svo ætla ég
að fá gamla bílinn hans frænda
þegar hann hættir að nota hann
og fer að aka stóra nýja ~~[illegible]~~
bílnum sínum, og það er alvöru-
bíll og sá nýji líka. Frændi segir
að einhver karl sem heitir Ford í
Ameríku hafi smíðað hann."
Jæja Nonni minn ég sé að þú natt
til að fá ökuskírteini fyrst svona er
Biddu nú meðan ég skrifa það
~~ökuleyfið var svona~~ ökuskírteinið var svona:



Ökuleyfi Nonna litla fjögurra ára tilvonandi
bílstjóra, er hér með leyft að aka
hjólbörum með einu hjóli enda gangi
þær fyrir handafli. Svo skrifaði hann
nafnið sitt undir og innsiglaði
með rauðu lakki og þrýsti á það
tuttugu og fimmeyringi. Síðan fór
Nonni leiðar sinnar og var heldur en
ekki glaður yfir ökuskírteininu sínu

skrifaði Ragnar Borg tekið uppúr æskunni

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Víðförull.

27. tbl. II árg.

Ritstjórar eru. Kristín, Oddní, Þórdís.

## Jarpur.

Þar sem ég var í sveit í hittiðþydra, var hestur sem hét Jarpur. Hann var uppáhalds hesturinn minn. Hann var gamall og latur en þýður og þægur. Það var alveg óhætt að ríða honum beizlislausum og það gerði ég oft, þegar ég var að sækja hann og fann ekki beizlin. Einu sinni fórum við, ég og strákur, sem var á bænum upp á Þríhyrning, og þá reið



ég Jarp. Við gengum efst upp á topp. En svo, þegar við vorum á leiðinni heim, og ég teymdi Jarp, þá datt ég ofan í holu og flæktist í beizlinu þá hentist hann til og var nærri kominn ofan á mig, en var svo vitur, að hann stoppaði, og svona var hann alltaf.

Skrifað og samið af Kristínu Ólafs.

## Öskudagurinn.

Það var gaman á öskudaginn. Ég seldi rauðakrossmerki og það gekk vel að selja þau. Ég fór fyrst í þau hús, sem

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ég átti að selja í síðan fór
ég niður í bæ og í búðir og
skrifstofur svo seldi ég líka
á götunni og ég hefði getað selt
mikið meira ef ég hefði haft
fleiri merki, því að það voru
margir, sem spurðu mig hvort
að ég hefði ekki meira af
merkjum. Ég seldi alls 30 merki.

Skrifað og samið af
Kristínu Ólafs.



## Á öskudaginn.

Loksins rann öskudagurinn upp.
Ég vaknaði snemma um
morguninn og lagði þá af
stað til konu, sem ég þekki.
Ég fór með þrjá öskupoka,
en ég gat nú ekki hengt
nema einn. Ég var hjá
konunni alveg til klukkan þrjú,



og skemmti mér
ágætlega. Svo þegar
ég kom heim, þá
var búið að
kaupa miða á
skemmtun

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

klukkan 4.30. Ég fór nú út
á götu og ætlaði að reyna að
hengja nokkra öskupoka.
Nú var klukkan orðin fjögur,
svo að ég varð að fara inn
að skipta um föt. Þegar ég
kom niður í Iðnó, þá var
byrjað að sýna kvikmynd af
leikfimi. Ég þurfti nú að
standa, því að ég kom
svo seint. Það var sýnd
kvikmynd bæði ~~a~~ af
stúlkum og piltum í
leikfimi svo var líka
sýnd frá Þingvöllum, þar
voru þau bara úti og
þá var líka sýnd glíma.



Svo var sýnd leikfimi í
garði í Reykjavík. Næst var
sýndur dans, svo spilaði
drengur á píanó hann spilaði
mörg fjörug og skemmtileg lög.
Þegar því var lokið þá
spilaði ungur piltur á
harmonikku, og svo var
~~a~~ dansað til klukkan 9.
Ég skemmti mér ágætlega
þennan öskudag, en nú
var komið kvöld svo að
ég varð að fara ~~a~~ að hátta.

Skrifað og samið af

Aldný Þóra Björnsdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Sjóferð

Það var einn fagran morgunn sólin var komin upp, og sleypti sínu geislaflóði yfir túnið grundirnar og speglaðist í rennisléttum ~~sjó~~ sjónum, sem glitraði eins og glóandi gull.
Við liðum hægt eftir sjónum. Það voru 2 drengir ~~og~~ & 1 karlmaður í bátnum og 4 til 5 línur. Maðurinn kastaði út línunum, en drengirnir reru. Þegar var búið að leggja línurnar



var róið heimleiðis.
Seinna um daginn var farið að hvessa svolítið, og nú átti að fara að draga línurnar. Við rérum af stað en alltaf óx ~~aldan~~ vindurinn, og sjórinn skvettist inn fyrir borðstokkinn, og við rérum og rérum en miðaði varla nokkuð áfram. Loksins komumst við að seinna flotholtinu og byrjuðum að draga línuna.
Við strákarnir höfðum nóg að gera að róa aftur á bak, og gæta að láta bátinn ekki slá flötu.

Samið af Inga S Erlendsson.
Skrifað af Öldu [?] Björnsdóttir

Víðförull, bekkjarblað 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Á leiðinni í skólann.

Það er nú að vísu margt, sem maður sér á leiðinni í (A) skólann. Þegar snjór er, þá sér maður nú nóg af strákum sem eru að henda snjóboltum á vegfarendur, og krakka, sem eru að leika sér á skíðasleðum. Það kemur líka oft fyrir, að maður sér stráka vera í grjót kasti. Og svo sér maður fullt af bílum, sem eru með menn sem eru að fara eitthvað langt í vinnu og krakka, sem eru að fara í skólann og fólk til vinnu. Nú held ég, að ég muni ekki meira.

Samið af Kristinu Sigtryggsdóttir.

Skrifað af Kristinu Sigtryggsdóttir.



## Kanskubragð ungrar stúlku.

Einn votviðrasaman dag var strætisvagn fullur af stúdentum, sem voru á ferðalagi til Oxford, þegar ung stúlka kom og spurði hvort það væri pláss fyrir einn í viðbót. Ungu mennirnir hrópuðu glaðir að það væri nóg pláss, og unga stúlkan borgaði fargjaldið. Allt í lagi, sagði bílstjórinn. Þá kallaði unga stúlkan út, komdu hingað afi, farðu inn, og mundu að þakka herrunum. Með brosi hjálpaði hún afa sínum inn í vagninn, og fór aftur. Ungu mennirnir kölluðu nú út að þeir væru að kremjast til dauða, en strætisvagninn fór á stað, og gamli maðurinn settist niður milli tveggja þeirra.

Vjöforull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VIÐFÖRULL

1. tbl. III árg.

Ritstjórar eru Albert, Guðmundur og Gunnlaugur

## Sumarfrí

Í sumar var ég að vinna eins og undanfarin sumur. Ég fékk viku frí og reyndi ég að nota þessa viku vel til þess að skemmta mér. Ég fór með mömmu upp í Borgarfjörð til að heimsækja frænku mína sem bjó í Sumarbústað við Norðurá. Við lögðum af stað einn sólskinsdag í sólskinsskapi, full af eftirvæntingu, því hvorugt okkar hafði komið til Borgarfjarðar fyr, en oft heyrt talað um þennan fagra og tilkomumikla fjörð. Við urðum heldur ekki fyrir vonbrigðum. Við keyrðum í áætlunar bíl fyrir Hvalfjörð. mikið fynst mér hann vera langur, ég. hélt oft að ég væri kominn inn í fjarðarbotn svo fannst mér altaf koma



nýr og nýr fjörður en þetta reyndist alt vera Hvalfjörður. Ég sá margt fallegt á leiðinni en sem er of langt að telja upp hér. Sumarbústaðurinn stendur á hæð sem er öll skógivaxin. Þaðan er mjög víðsýnt og fagurt yfir að sjá þaðan sér maður Baulu einnig sér maður Eiríksjökul, Langjökul og ok. Í suðri blasir við Skarðsheiðin. Það var sólskin á hverjum degi. Ég var eiginlega altaf í berjamó því að ég þurfti ekki að fara nema rétt út fyrir dyrnar til að fylla vömbina af berjum. Einu sinni fórum við í sund í Veggjalaug sem er hinumegin við Norðurá og þurftum við að vaða hana til þess að komast yfir. Það þótti mér voða gamann. Ég fór í plofvaðstígvél sem voru næstum eins stór og ég er sjálfur svo ég var nokkuð þungur á mér þetta gekk allt slysalaust. Við komum í gróðurhúsin við laugarnar og keyptum þar tómata og gúrkur. Ég skrifa nú ekki meir um ferðalagið.

Albert Wathne 12 ára E

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Í sumar.

Í sumar var ég í Reykjafirði fyrir verstan (í sumar) eins og undanfarið. Ég fór óvenjuleg-a snemma þetta sumar ég fór strax þegar ég var búin að taka prófið. Þá var kalt þar og snjór, féð var þá náttúrlega hist og var þá gaman að smala. Svo smá saman leisti nú snjóinn og (þ) varð þá hlirra, sauðburðurin var þá birjaður. Það var laugh þar og fór ég mjög oft að bað a mig og þótti mér það gaman. Svo fékk ég oft að fara á fyskifreidar ég átti ég sér færi og ekki stóð á mér að fara, fyskaði ég oft vel á færið. Einu sinni er ég var að fara (ú) út á Bíldudal fór ég þá í vélina á bátnum og meiddi mig talsvert í fæti var ég lagður inn á spítalan á Bíldudal og lá þar



20 daga og leiddist mér þá mikið, Þetta var nú eina óheppnin sem kom fyrir mig í sumar en mér fanst það nóg. Ég var á Gangnadagin í sveitinni og gat smalað og þótti mér sá dagur skemtilegur svo um kvöldið fór ég út á Bíldudal og svo næsta dag með Rafninum til Reykjavíkur. Kom ég kom 22 september til Reykjavíkur.

samið og skrifað eftir
Guðmundur E. Guðjónsson.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Draumur konungs

(1) Einu sinni var konungur í ríki sínu sem Hringur hét, var hann voldugur og ríkur mjög ~~og~~ og átti eina dóttir er Sylli var nefnd. Einu nóttina dreimdi konung að hann sæi marga dreka koma að borgarmúrinum með gapandi ginin og reina að komast inn í borgina og einn þeirra (~~gleyf~~) gleypti tvo varðmennina sem gættu að borgarhliðunum. Konungur kallaði til sín spámenn sína og bað þá að ráða drauminn en engin gat ráðið hann. Konungur hét þá þeim manni tíu gullpokum er gæti ráðið drauminn. Í borginni var fátækur spámaður að nafni Hreinn og gekk hann fyrir, og mælti, heirt hefi ég hvað Konungur hefir (~~látið~~) heitið þeim er ráðið getur draum hans, lát mig heira draum yðar. Konungur gerði það og er Hreinn hafði (~~hann~~) heirt hann mælti hann á þessa lið draum yðar er auðvelt að



ráða herra konungur og mun ég ráða hann (~~á (þessa) leið~~)) á þessa leið. Mun erlendur her koma og herja á (~~borg~~) borgina enn að eins tuttugu menn munu slasast eða falla úr liði yðar áður en mönnum yðar tekst að hrekja óvinina á brott, en vil ég ráðleggja yður að sleppa tíu grimmustu ljónunum úr ljóna-búri yðar á móti óvina hernum og munu óvinirnir þá flýja. Allt kom fram sem Hreinn sagði óvinirnir lögðu á flótta en áður fjéllu tuttugu af mönnum Hrings. Hringi leist vel á Hrein og gaf honum dóttir sína fyrir konu fyrir hvað vel hann hafði leist drauminn vel. ~~og~~ Hreinn og drottning hans ríktu vel og lengi í ríki sínu, og voru (?) elskuð og virt af öllum þegnum sínum, fyrir góðmensku og göfuglindi.

samið (~~þýtt~~) og skrifað
eftir Gunnlaug Gunnlaugsson
12 ára E

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

## 2. bl. III árg

Ritsjórar eru: ~~Stav~~, Auður Ásdís Edda.

~~Í sumar~~

~~Ég var í sveit í sumar var ég á Akureyri~~

Í sumar

Ég var á Akureyri í sumar. Og þótti mjög gaman. Ég fór með Esju norður og var 2½ dag á leiðinni. Lagt var af stað frá Reykjavíkurhöfn kl 10 e. ḿ. Veður var gott á sjónum og ruggaðist skipið lítið eitt. Ég var á sífelldu flakki á þilfarinu og allstaðar um skipið. Ég kom til Akureyrar 2½ degi seinna. Var tekið vel á móti mér með kossum og fagnaðarlátum. Ég var á Akureyri í 4 mánuði. Ég fór oft í sundlaugina, það er nokkuð kalt vatn í henni, stundum 17 og 18 gráður. Svo fór ég í Vaglaskóg og



var þar í viku í Símahúsinu. Það er mjög fallegt í Vaglaskógi, þar eru falleg tré og há og þar er enginn vandi að týnast. Einu sinni villtist ég, og ráfaði gegn um skóginn og loksins fann ég veginn og rataði heim. Svo er líka slétta, sem er kölluð Grund, og þar spiluðum við handbolta á kvöldin. Ég fór oft í ána sem heitir Fnjóská. Er það kalt jökulvatn, sem rennur í hana.

Samið eftir Eddu Óskarsd/12. ára E.

Í sumar.

Ég var í sveit í sumar, og sótti kýr og hesta, hesturinn sem ég sótti ~~(og)~~ oftast hét Rauður. Ef að ég fór eitthvað ríðandi þá fór ég alltaf á Rauði, því að mér þótti hann vera bestur af öllum hrossunum.

Árið 1941 var mér gefið lamb, lambið

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mórautt og það var gimbur, ~~þ~~ mér þótti mjög vænt um gimbrina. En nú átti hún lamb í vor það fæddist 31 maí, það var hrútur sem að verður að leiðileggja núna í haust.

Samið og Skrifaði

Auður J. Guðmundsdóttir

12 ára E.



# VÍÐFÖRULL

3 T.B.L. III árg

Ritstjórn: Hörður. Ingi. Jóhann.

## Sumarið

Ég var að sendast í verslun í sumar ég fékk frí í viku. Þá fór ég upp í vatnaskóg með K.F.U.M. var ég þar í viku og skemti mér vel. Ég fór oft í vatnið en það er iskalt, stundum var ég á bátnum eða vindsæng Eitt sinn fóru allir í injánaleik. Indjánar voru með hvítan borða á vinstri hendi en hvítu mennirnir á hægri hendi þetta var lifið ef hægt var að slíta þetta af manninum þá var hann dauður.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vikan var ekki lengi að líða, þegar ég kom heim þótti mér leiðlegt í bænum.

Hörður Helgason

Samdi og skrifaði.

## Í sumar

Ég fór í sveitina 11. maí og var þá vertíðarlokadagur. Ég lagði af stað frá Guðjóni Jónssyni kaupmanni Hverfisgötu 50. klukkan 10,30 f. h. Við fórum yfir Hellisheiði og var þar snjór víðast hvar. Þegar við komum rétt austur fyrir Kolviðarhól, stendur þar norskur hermannaskáli. Voru Norðmennirnir að renna sér og var snildarlegt



~~aðsjá~~ þá fljúga niður brekkurnar. Sumir þeirra voru búnir að búa til þá nokkuð stórann stökkpall. Svo fór sá fyrsti, en hann datt og varð allur hvítur af snjó. Þá fór annar og hann datt ekki en flaug áfram. Svo komum við í Hveragerði. En þegar við komum á móts við Kotströnd, datt kystillinn minn, og ég fór út úr bílnum og hjálpaði bilstjóranum að setja kystilinn upp á

Hann fligur niður brekkurnar



bílinn aftur. Svo kom ég loksins að Sölfholti. Þá sagði bílstjórinn: „Þú áttar víst ekki lengra?" „Nei" sagði ég. og svo fór ég út

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr bílnum og tók á móti dótinu, svo pakkaði ég fyrir mig, og bíllinn rann af stað aftur, og ég stóð einn eftir.
Þegar ég kom heim á hlaðið kom hundurinn til mín og urraði en þegar ég sagði „Kolur", þá þekkti hann mig aftur, því að ég var þar í fyrra sumar, og vildi hann því endilega sleikja mig allan. En þá fór ég inn í bæ, því að ég vissi að hann þorði ekki inn.
Fólkið varð heldur en ekki hissa, er það sá mig standa í dyrunum. Ég sagði því hvernig ferðin hafði gengið, en því næst fór eg úr fötunum, sem ég kom í, og fór í samfesting.
Ég átti strax að fara að gefa kúnum.
Hjálpuðu systurnar mér að bera laupana



Kýrnar voru ornar svangar og voru því fegnar að fá heyið. Var svo mjólkað og því næst farið að sofa. Um sumarið fór ég á fætur klukkan 7.30 f.h. og gaf fóðurbætirinn, því næst lét ég kýrnar út þegar búið var að mjólka, mokaði, svo fjósið, náði í hestinn og fór með mykjuna, og þótti mér það fyrst sóðalegt. Svo fór ég með mjólkina út á veg.
Að því loknu fór ég að borða, síðan færði ég matinn út á engjar, en eftir hádegi var ég annaðhvort að slá eða raka.
Ég fór heim af engjum klukkan 6.30 og sótti kýrnar og batt þær, svo var mjólkað og því næst farið að sofa.

Samið hefur

Vilhjálmur Steinn Vilhjálmsson

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Einstigið

Við lögðum af stað, og ferðinni var heitið til klettana fyrir innan og ofan bæinn. Þangað var svona fim mínótna gangur, en við vorumra lengi á leiðinni. Við vorum alltaf að stanza til að fá okkur ber og fundum líka ber í vasana til að geyma, þangað til að við heim, en borðuðum þau samt alltaf jafnóðum Loksins komum við að klettunum Klifruðum við eins hátt upp þá eins og við komumst. Það var svo fjarska gaman af því að það máttum við ekki gera Svo gáfumst við upp á því og förum að leita að einstigi sem var þarna einhvers-staðar og fundum það. Við gengum upp einstigið og þegar við vorum komnir



næstum upp klettana komumst við ekki lengra og vorum staddir á tölvert stórri syllu. Þar var fullt af bæði krækiberjum og alveg mergð af bláberjum. Átum við okkur pikksadda og fundum vasana fulla af dísætum bláberjum. Að þessum loknu förum við til baka eftir þessum ísjárvstíg og fundum rétta leiðina alla leið upp klettana og upp á fjallið fyrir ofan. ~~skrifað~~ hefur Ingi S. Erlends

Ingi S. Erlendsson

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

4. BL. III. ÁRG.

Ritstjórar eru Erla Eva Guðlaug

## Í sumar.

Skólinn var úti. Ég var í óða og önn að búa mig í sveitina. Það var kominn sá morgun, sem ég átti að leggja af stað. Nú var ég komin niður á stöð og systir mín var líka að fara, því að hún átti að vera á næsta bæ við mig. Veðrið var ~~hálf~~ hálft leiðinlegt þykkur himinn og hálgerð rigning, en við vorum lagðar af stað. Við fórum fram

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá Kolviðarhóli og Skíðaskálanum því að við vorum að fara austur í Holt. Svo komum við að Ölfusá og þar stanzaði bíllinn, og við fengum okkur að borða. Við komum að bænum, sem systir mín fór til, klukkan rúmlega sex og fengum, að fá að borða. Ég var þar um nóttina og fór svo næsta dag þangað, sem eg átti að vera um sumarið. Þar var nú tekið vel á móti mér, Mér var strax gefið að drekka. Það var nú orðið svo framorðið að eg fór ekkar að skoða mig um þann dag, Ég fór út í fjós, þegar mjólkað var það voru tvær mjólkurkýr



og ein kvíga. Svo þegar búið var að borða, og svo fór ég að hátta því að eg var orðin þreitt eftir daginn. Daginn eftir var ágætt veður. Þá fór húsmóðirinn á bænum með mig og sýndi allt þar í kringum bæinn. Svo liðu nokkrir dagar og mér þótti anzi gaman. Í dag átti eg að fá að fara til kinda með húsbóndanum, því að enginn var krakkinn nema eg. Ég hlakkaði mikið til, því að eg átti að fá að fara á hesti, en eg hafði aldrei komið á hest. Mér þótti anzi skemmtilegt að fara þetta, en samt fundum við enga kind borna. Ég átti að fá að fara á skemtun laugardaginn eftir.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systir mín fór líka. Mér þótti
ansi skemmtilegt á skemmtuninni
skólabörnin héldu leikrit sem hét
Skuggnu-augun og svo var dansað
á eftir. Svo byrjaði nú sláttuninn.
Ég rakaði svo lærði ég að binda.
Svo þegar farið var að heyja á
engjunum þá færði ég mat og kaffi
og fór alltaf á hesti. Ég sá systir mína
á hverjum sunnudegi og oftar.
Ég fór í laugina og svo fór ég líka
til kirkju. Ég lærði að mjólka og
mjólkaði oft. svo sótti ég oft kýrnar
Ég var samferða systir minni
suður. Við fórum upp í Hreppu á
leiðinni til fólks sem við þekkjum
og vorum þar í viku og það var ansi



skemtilegt. Og mér fannst þetta
sumar ansi skemmtilegt. Samið af

Oddný Þóra Björnsdóttir
12 ára E.

Skrifað eftir Erlu Sigþórsd
12 ára E.

## Í sumar

Í sumar var ég á Kjóastöðum í
Biskupstungum og var mjög skemti-
legt að vera þar. Daginn sem ég
kom var verið að bera á túnið
og var dælt með dælu upp úr
forinni. Það voru 9 kýr þarna
en mér þótti einn galli á þeim
þær komu aldrei heim á
kvöldin. Einu sinni sem oftar
fór ég að leika að beljunum. þegar
ég var komin upp á Heiði sem

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kallað var, sá eg hvergi kýrnar. Hvernig sem eg leitaði í kringum mig. Síðan fór eg um öll Stekkholtin og leitað og leitaði, þangað til að það var komið myrkur, en eg ekki fann eg kýrnar. Eg hugsaði með mér, að það þýddi ekki annað en að fara heim. En þegar eg leit heim, sá ég að það var ljós í fjósinu þegar eg kom inn í fjósdyrnar, sá eg að beljurnar voru allar inni og það var verið að mjólka þær. Eg var nálægt Gysir og Gullfoss. Hvítasunnunni fór eg austur að Gullfossi og fór eg alveg niður að fossinum Mig svimað dálitið þegar eg fór út



á silluna, en eg gleimdi því alveg, þegar eg sá regnbogan glitra í fossinum. Svo fór eg glöð og ánægð heim að sofa, því að við vorum þarna fram á kvöld og eg var orðin þreytt eftir daginn. Einn góðan veðurdag var mér sagt, að ég mætti fara með tveimur stelpum út að geisi. Varð það rúmlega klukkutíma gangur þegar við komum út að Tungufljóti, þar sem ein brúin er ætlaði ein stelpan ekki að þora yfir. Við sögðumst um ætla að sýna henni hvort það væri ekki óhætt en hún var mikið verri, þegar við vorum komnar yfir hana, því að hún

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún hvað hún dúaði undir okkur. En svo kom ég aftur yfir og leiddi hana yfir hálf kjökrandi þegar við vorum búnar að bíða svolitla stund hjá Geysi þá gaus hann allkátt og þótti mér fallegt að sjá það svona nálægt en annars sá ég hvert og eitt (einasta) gos er hann gaus í sumar.

Samið af Ásdísi Óskarsd

Skrifað af Erlu S.



## Sendibréf

Reykjavík, 29/10 1943

Elsku systir mín. Komdu blessuð og sæl. Ég ætla að skrifa þér nokkrar línur. Ég er nýbyrjuð í skólanum og er á morgnana frá kl 8-12 Mér finnst ansi gaman að minsta kosti núna fyrst. Ég fór í leikfimi núna áðan og það var nú skemmtilegt eins og vant er. Við erum allar stelpurnar (sem eru með mér í leikfimi) í hvítum leikfimi-búningum með hvíta hárborða og í hvítum skóm og hosum. Ég þakka þér fyrir armbandið

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hálsfestina, sem þú sendir
mér og kortið með Indjánabarninu
það var nú sniðugt. Ég fór í bíó
um daginn. Það var litmynd
og aðalleikarinn var Bob Hope.
Mér þótti anzi gaman. Ég fer nú
að hætta þessu klóri klóri. Vertu
sæl. Þín systir Oddný Þ. Björnsdóttir
12 ára E.

Sendibréf — skrifað af Erlu Sigþórsd

Reykjavík, 29/10, 1943

Elsku amma mín. Ég skrifa
þér nokkrar línur. Nú er ég
byrjuð í skólanum. Í fyrra
var ég í Austurbæjarskólanum
en núna er ég í Miðbæjarskólanum



það er miklu meira gaman. Í
sumar var ég í sveit við
Hreðavatn í Borgarfirði þar var
lítill drengur tæpra 2 ára aldri
og ég átti að gæta hans. Nú er ég
að læra að spila á píanó
tvisvar sinnum í viku. Nú man
ég ekki fleira að segja þér. Vertu
nú sæl elsku amma mín þín
einlæg Hulda Ágústsdóttir

skrifað af Erlu Sigþórsd.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Sumarið 1943

Það er gaman á vorin þegar grasið fer að spretta. Allir koma glaðir út og taka á móti sumrinu. Sóleyjarnar vaxa og fíflarnir leggja út körfurnar. Öll börn eru svo glöð og hlusta á fuglana syngja. Lóurnar komnar og syngja á kvöldin. Þá fara mennirnir að slá túnin. Börnin og fólkið raka. Heyið er þurrkað og hirt. Börnin hjálpa fólkinu að leysa úr böggunum. Nú fer að hausta, þá eru töðugjöld. Kýrna eru látnar inn og gefið inni er síðasti sumardagur. Veðrið var svo yndislega fagurt og nú kveðjum við þig sumar 1943 með þessari vísu Steingríms

Setjumst undir vanan við
vona skal hugan gleðja
heiðum sólan svanahlið
sumarið er að kveðja

Guðríður Jensdóttir
samdi
Eva S Björnsdóttir
skrifaði



## Sendibréf

Reykjavík 29/8 1943

Elsku mamma mín

Ég ætla að skrifa þér fáeinar línur. Nú er ég komin í sveitina og þykir mér fjarska gaman. Í gær fór ég á fjöru með mörgu fólki. Við fundum mikið flöskum og margt annað. Svo sáum við selina synda í sjónum. Það var mikið sandrok á fjörunni og augun fylltust af sandi. Nú fer ég að hætta í þetta sinn. Ég bið að heilsa öllum heima. Vertu nú blessuð og sæl og hafðu það sem best elsku mamma mín

Þórdís Sveinsdóttir samdi
Skrifað eftir Eva S Björnsdóttir

## Í sumar

Ég var í sveit í sumar. Ég fór austur í Skaftafellssýslu. Bærin sem ég fór í var á heitir Öræfurstaðir. Þar var fjarska gaman þar. Ég fór kl 7 á stað um morguninn. Veður var gott á leiðinni. Ég var allan daginn í bíl, og kom þangað sem ég gisti kl að ganga 2 um nóttina. Ég svaf vel um nóttina. Þegar ég vaknaði um morguninn þá var komin rigning. Ég klæddi mig og

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fór fram úr rúminu. Þá var mér gefið mjólk og brauð og kökur. Svo lögðum við af stað kl 5 og komum að bænum kl. 7. Það var tekið vel á móti mér. Ég fór oft á hestbak, og það fanst mér gaman. Ég fór á engjar að raka, og og svo fór ég oft með matinn. Svo fór ég til Reykjavíkur síðast í ágúst.

Þórdís Sveinsdóttir

Eva S Björnsdóttir

## Sendibréf

Komdu blessaður og sæll Marteinn minn. Ég ætla nú, að segja þér eitthvað úr sveitinni. Ég ætla fyrst að segja þér frá réttardrengnum. Miðvikudagurinn 22/9 rann upp. Ég vaknaði klukkan 6 um morguninn úti í hlöðu. Þá var ég búin að sofa viku þar ásamt 5 krökkum og var oft fjörugt þar á kvöldin. En ég varð fyrir miklum vonbrigðum, þegar ég var komin út því að þá var rigningarsuddi og það sást ekki út að Geysir, sém ég sá daglega. Ég ætlaði að fara að vekja krakkana, en það þurfti nú ekki, því að þau voru vöknuð. Fyrsta spurningin var " Hvernin ætli veðrið sé úti. Þegar ég sagði hvernig veðrið var, kom leiðindar svipur á þau Við báðum



eina stelpuna að fara inn í bæ og spirja hvort við mættum fara í réttirnar. Hún kom til okkar glöð og sagði. Þið verðið að fara undireins að fara að ná í hestana, og þeir að vera komnir heim fyrir klukkan 8." Við létum ekki segja okkur það tvisvar og rukum öll út og hirtum ekki um hvort við yrðum blaut eða ekki. Þegar hestarnir komu þá fórum við að búa okkur. Síðan var lagt af stað. Ég reið rauð blesóttum hesti er heitir Blesi og er hann mög vinalegur. Ferðin gekk allvel Er þetta 2 til 3 tíma reið. Þegar við komum að Hollakotum en sá bær er nokkuð langt frá réttunum heyrðum við mikinn söng en það voru karlmennirnir í réttunum sem sungu það var stúlka þar á staðnum sem sagðist hafa vaknað klukkan 7 um morguninn við sönginn í þeim. við komum um ellefuleitið í réttirnar og var þá búið að draga úr Ég skemmti mér vel það sem eftir var dagsins og við héldum glöð og ánægð heim um kvöldið í góðuveðri. Ég gleimdi alveg að sega þér það Marteinn, að veðrið batnaði seinna um dagin Þessa þessa vísu bjuggum við krakkarnir á leiðini í réttirnar

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Máninn, Flibba og Ófeigur
Gráni, Blesi og Léttir
þessir fá að tölta það
fram í hugnarittir

Vertu bless, Marteinn minn. Fyrir gefðu klórið
þinn nemandi Ásdís 12 E

Eva S Björnsdóttir

Reykjavík 25—10—48

Kæri Marteinn. Ég þakka þér kærlega fyrir bréfið, sem þú sendir mér. Ég hef nú lítið að segja þér í fréttum. Ég var heima í næstum því í allt sumar. Ég bar út blað, og þótti mér það ekkert leiðinlegt. Ég fór eina helgi til Þingvalla og þótti mér gaman. Ég ætlaði með skátunum til Vestmannaeyja yfir verslunarmanna frídaganna, en við stelpurnar vorum svo fáar, að við vildum ekki fara. Við urðum fyrir miklum vonbrigðum því að við vorum farnar að hlakka til ferðarinnar. Ég fór líka einn dag til Eyrarbakka. Ferðinni var í fyrstu heitið til Þingvalla, en hætt við að fara þangað fyrr en á eftir, og fórum við fyrst til Eyrarbakka, og var gaman að



koma þangað. Það var maður með okkur og vildi hann endilega fara og heilsa upp á hvern kall, sem hann þekkti þarna, og létum við hann ráða því, en vildum ekki fara með honum. Svo héldum við áfram til Þingvalla, veðrið var mjög fallegt. Við stönsuðum eiginlega ekkert þar og komum ekki í Valhöll. Klukkan var farin að ganga 11, þegar við komum heim. Ég fór nú ekkert annað í sumar. Nú er skólinn byrjaður, og er gaman í honum. Nú má ég ekki vera að skrifa þér lengra bréf því að ég verð að fara að læra. Vertu blessaður og sæll.

Kristín S

skrifað af Guðlaug Konráðsd.

Hesturinn

Hesturinn okkar hefur verið kallaður þarfasti þjónnum. Það nafn á hann með réttu. Hann fylgir okkur, og við honum afstlant, enda eru til um hann margar sögur, - sannar sögur sem sanna okkur gafur hans og snilli. Nú langar mig til að segja frá hesti, sem skjöldur hét. Nú er hann dauður fyrir mörgum árum og þá var hann orðin yfir 30. ára gamall. Þegar Skjöldur var ungur, gekk hann

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hagrum og sölum manna á milli, sökum styggðar og fleiri skammarstrika, loks lenti hann hjá fátækum bónda, sem var að byrja búskap og frá þeim tíma hef ég heyrt margt um hann. Skjöldur var ákaflega túnsækin, og komst á næturnar, þegar fólkið var sofnað, yfir allar girðingar, en allar var hann á bak og burt, þegar komið var á fætur á morgnana, en aldrei sást tað hans í túninu, það lagði hann af sér inn í húsið sitt, og fór svo til hinna hestanna. Einn morgun, þegar komið var á fætur, sást Skjöldur ekki hjá hinum hestunum. Lítið lambhús var í túninu, og í því voru lömb. Skjöldur hafði farið upp á lambhúsið og dottið niður um þakið, til lambanna, og þar fannst hann. Dyrnar á lambhúsinu voru svo lágar að engin hestur gat komist út um þær. Heyrði þá Skjaldur að talað var um að skjóta hann inni í lambhúsinu, en þá lagðist hann á hnén og skreið út um dyrnar. Skjöldur var mjög stór hestur og sterkur. Hann var brúnn, með stóran, hvítan blett á annari hliðinni, og af þessum hvíta bletti fékk hann nafnið. Margar fleiri sögur hef ég heyrt kunnuga menn segja af þessum hesti. Þegar snjór var kominn í hagana, fór Skjöldur á næturnar og braut upp dyr á heyhlöðunni og át þá eins mikið og hann gat. og var þá allur á burtu á morgnana. Fleir sögur hef ég heyrt sagðar um þennan hest en nú man ég ekki eftir (~~fleirum~~)



fleirum. Samið af Guðríði Jensdóttir

Skrifað af Guðlaugu Konráðsdóttir

## Í sumar

Ég var að vinna í sumar hjá Kadi Ólafssyni ljósmyndara og fékk ég þá hálfsmánaðar frí, og fór ég þá í sveit. Ég, mamma og frænka mín fórum kl 7 af stað frá B. S. Í. Í bílnum var stelpa, sem ég var með á skólanum uppi í sveit. Hún var með mömmu sinni. Við fórum fyrir Hvalfjörð, og þurftum við að stanza þrisvar sinnum til þess að sýna vegabréf. Við komum kl 12 að Hvítá í Borgarfirði og borðuðum þar. Svo héldum við áfram til Brautarholts og

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Búðardals. Við komum að Brautarholti stundarfjórðung yfir þrjú, og að Búðardal kl 4, og þar drukkum við, og stönzuðum þar í hálftíma en svo héldum við áfram til Stórholts. Við. komum þangað kl að byrja að ganga átta, og þar fór ég úr, en mamma og frænka min héldu áfram lengra. Svo segi ég ekki meira af þessu ferðalagi.

Samið af Erlu Sigþórsd.

Skrifað af Guðlaugu Konráðsd.



# VÍÐFÖRULL.

4. T. B. L. III árg.

Ritstjórar: Kristján, Magnús, Óttar.

Felli 4. júní 1943

Elsku pabbi minn!
Þakka þér fyrir síðast. Mér líður ágætlega og ég vona að þér líði vel.
Ferðin gekk vel, bæði á skipinu og í bílnum. ~~gekk vel~~, ~~bæði~~ Eins og þú veist var Friðrik frændi samferða mér, og þegar við komum í Borgarnes, þá fór ég strax í bílinn til þess að velja sæti, bæði mitt og Fidda frænda, en hann stóð inn miðri mannfjöldanum og reyndi að finna dótið okkar beggja loks fann hann það. Næst komum við að Hreðavatnsskála og drukkum þar mjólk og borðuðum brauð. Var þess sannarlega þörf, því að um morguninn hafði ég enga matarlyst, líklega af tómri tilhlökkun. Næst komum við að Blönduósi og þar borðuðum við miðdegisverð. Þá sagði Fiddi mér, að hann ætlaði úr bílnum við Svartárbrú og fara síðan og heimsækja Pétur bróður sinn, svo að ég ákvað að fara með honum. Við Svartárbrú

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beið Pétur með hesta en auðvitað
ekki nema tvo því að hann átti
ekki von á mér, svo að við gengum
til næsta bæjar, en þar fékk Pétur
hest handa mér. Svo héldum við áfram
ferðinni. Þegar að Brandstöðum
kom. var tekið vel á móti okkur.
Þar dvöldum við í fjóra daga, en
þá héldum við áfram norður á bóginn.
Um kl. 5½ komum við í Varmahlíð,
en þar höfðum við bílaskifti og kl. rúmlega
7 komum við til Sauðárkróks, en þar
ætluðum við að gista, þá vildi svo vel
til, að mjólkurbáturinn var að leggja
af stað stað, og var það hreinasta
tilviljun að hann var ekki farinn, því
að vanalega var hann farinn um
þetta leiti. En af einhverjum ástæðum hafði
hann tafist. Nú lögðum við af stað en
ekki vorum við langt komnir þegar
mér vildi það óhapp til, að ég missti
af mér húfuna og hún datt í sjóinn, og
hef ég ekki séð hana síðan. Nú komum
við til Hofsóss, en þar beið Jón frændi
á Hofi eftir okkur, og svo lögðum við
af stað upp að Hofi. Þar hitti ég
Afa og Ömmu ömmu og báðu þau mig
að skila voða góðri kveðju til ykkar.
Á Hofi var ég nokkra daga, en þá
kom Björnn bóndi og sótti mig á hestum.
Er nú þessi þessi ferðasaga á enda. Allir biðja
kærlega að heilsa.

Þinn sonur
Árni Jón



## Ef ég væri bóndi

Ef ég væri bóndi, myndi ég eiga átta
kýr með þessum nöfnum: Búkolla,
Hetta. Hyfa, Krossa, Ljómalind, Reyður,
Gæfa og Lukka. Ég mundi mokka fjósið
og gefa á veturnar, því að það þykir mér
gaman. Ég mundi hafa Guðríði og Huldu.
Önnur ætti að ganga út en hin ætti að
annast heimilisstörfin. Ég myndi koma
því svo fyrir að þær hittust sjaldan,
því að þær eru alltaf að rífast. Ég
myndi eiga tíu hesta og þeir ættu að heita
Máni, Blesi, Rauður, Grani, Drífandi, Faxi, Vörður,
Brúnn Gráni, og Léttir. Og allt ættu þetta
að vera reiðhestar en vagnklárarnir
ættu að heita Jarpur og Sleypnir Ég myndi
ég mynd leifa fólkinu að fara í útreiðatúra
hvenær sem það vildi á sunnudögum, en
einginn myndi fá Létti, því að hann væri
minn hestur. Ég myndi hafa sex merar og með
þessum nöfnum: Drífa. Brúnka, Snót, Flibba, Blesa
og Rauðka. Ég mundi hafa þrjá hestasveina,
og væru það þessir strákar: Dengi Jilli og
Hörður þeir skildu fá sitthvorn hundinn en
Jilli greyið þyrfti að hafa tík sem heitir Helga
Ég myndi hafa mörg hundruð kindur og
mörg falleg og gerð útihús Ég Ég
myndi heyja á sumrin og gefa á vetrum

Ásthildur Óskarsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Í Rrjettinni

Kl 11 fh lögðu þrír strákar
ríðandi upp tröðina. Þeir
hétu Addi, Haukur og ég. Við
ætluðum uppi rétt, sem
var þar talsvert frá. ég
reið á hesti sem hét Kuggur.
Haukur á Grettir og Addi
á Rauð. (~~riðum við~~) við
riðum greitt. Réttin stendur upp
við hamar. Hamarinn heitir
Arnarhamar. Þegar við sáum
kindurnar koma þá riðum við
í einum sprett á móti. Svo
þegar kindurnar voru komnar
inn í rétt var byrjað að
draga. Markið sem ég var á



kindunum sem ég dró hét
Bitið aftan hægra, sýlt og gagnbita
vinstra svo þegar búið var að draga
var rekið heim og sortírað. Það
sem átti að fara til slátrunar
var látið inn í hús en það
sem átti að lifa var sleft. En
dagin eftir var féð sem átti
að slátra ekið í bæinn.

Magnús Ó

Um sumarið.

Þegar blessað sumarið er komið, þá
er gott að vera uppi í sveitum og anda
að sér sveitaloftinu í sumarblíðunni í
ró og næði. það gaman að sjá fjöllin í
dölunum, hvert öðru hærra, með sína
fögru tinda blasa í móti mönnum. Í miðjum
dalnum rennur á, og stálpuð börn leika

Víðförull, bekkjarblað 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sér að því að kasta steinum í ár og læki
Ég var ekki í dölum í sumar að njóta
sælunnar. Ég var í kauptúni, sem reyndar
er með sveitasveitasvip. Það var austur
í Árnessýslu, á Stokkseyri. Á bænum,
þar sem ég var, voru 6 kýr 10 hestar, 20 hænsn
og einn hundur, sem hét Tryggur. Þar
var líka einn strákur, sem hét Jón. Við
Jón ~~[illegible]~~ rákum kýrnar á morgnanna
og sóttum þar á kvöldin. Mest þótti mér
gaman, þegar verið var að slá og raka.
Við Jón vorum alltaf látnir fara með
heygrindina inn á engjar. Við rökuðum
með stikunum, en karlmennirnir slógu. Þegar
heyið var orðið þurrt, var það bundið saman
í bagga, síðan voru þeir settir á grindina



og svo fórum við af stað með grindina. Við
sátum uppá heyinu og héldum í taumanna
til skiptis. Við förum hægt og gætilega með
grindina eftir veginum, en brátt vorum
við komnir heim og hesturinn beygði
inn um hliðið

Óttar E Pálsson samdi og skrifaði.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

5 TBL III árg

Ritstjórar: Guðlaug. S. Guðríður. Þ. Guðríður J.

Ég fór ekkert í sveit í sumar að ráði. Frænka mín á heima upp í Mosfelssveit. Ég fór oft til hennar, og kom þá aftur á kvöldin. Nema (í) einu sinni þá var ég hjá henni í nokkra daga. Mér fanst svo gaman að ég held að ég geti ekki gleimt því. Við lékum okkur allan daginn stundum lékum við með dúkkur og dúkkulísur og stundum fórum við í berjaheiði

eftir Guðríði Þorvalds.



Ef ég væri Bóndakona.

Ef ég væri bóndakona, þá ætti ég heima uppi í sveit. Þá hefði ég enga vinnukonu heldur gerði ég öll verkin sjálf. Svo hefði ég líka hesta, kýr og kindur. Ég mjólkaði kýrnar sjálf. og byggi ég til smjör skyr og osta úr mjólkinni. Á sumrin væri ég úti á túni að raka, þegar ég væri búinn með verkin, þá fengi ég mér fallegan hest og færi á honum í skemtiferðir, þegar ég gæti. Þegar veturinn kæmi og snjórinn, þá færi ég út með korn til litlu fuglana, sem hafa oft ekkert til að borða. Það getur við einnig gert hér í bænum.

Samið eftir Guðlaugu Konráðsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lilla kisan hennar Bibí.

Þegar ég átti heima á Patreksfirði, kom þangað
lítil stúlka er Bibí hét. Hún átti litla
gráa kisu. Hún kallaði hana Lóu sína. Ég
var fimm ára, er þetta gerðist og kunni ekki
með dýr að fara. Þetta var um sumar í júní-
mánuði. Við sátum á stéttinni með Lóu litlu.
Hún var í sólskinsskapi, og við líka.
Ég sagði við Bibí, hvort hún vildi vera svo góð
að lofa mér að halda á Lóu svolitla stund
Bibí var góð við mig og sagði að ég mætti taka
hana upp ef ég vildi. Ég var hálfgerður klaufi
og tók hana Lóu litlu svo kjánalega upp.
Ég setti báðar hendurnar undir magann á henni
lyfti henni upp og hélt henni að mér.
Ég ætlaði að vera góð við hana, en þá varð hún
vond og fór að kvasa.



Nú var hún ekki í eins góðu skapi. Í hvert
sinn og ég ætlaði að vera góð við hana, varð
hún vond, og fór að kvasa og læsa í mig
klónum. Þá sagði ég við Bibí. „Hún Lóa er
ekki góð kisa hún kvasir á mig og klórar
mig, ég þoli það ekki.“ „Það er vitleysa í þér
Gugja mín, hún er svo yndislegagóð við mig.“
„Taktu hana, hún er alltaf að klóra mig“ æpti ég upp.
„Við skulum fara með hana inn og baða hana“
sagði Bibí. „Þá verður hún góð.“ Við fórum inn
og settum vatn í skál, og böðuðum við hana vel.
Því næst fórum við að þurrka henni hátt og látt.
Þegar við vorum búnar, bundum við um hálsinn
á henni blátt silkiband. Hún var aftur orðin góð.
En ég þorði ekki að snerta hana aftur. Enda vildi ég það
ekki, af því að það var svo gaman að hafa hana góða hjá sér.
Samið og skrifað af Guðríði Jensdóttir 12. E.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

6. tbl. Márz

Ritstjórar eru. V.S.V., Albert og Örn.

## Ferð til Ameríku.

Ég hef oft hugsað um það hvað það væri gaman að fara til Ameríku að finna afa minn, sem á heima í borginni Seatle vestur á Kyrrahafsströnd.

Ég mundi fara með einhverjum fossi Eimskipafélagsins, til New York.

New York er stærsta borg heimsins, hefur um 11 milljónir íbúa. Þaðan mundi ég fara til Washington, sem er höfuðborg Bandaríkjanna. Frá Wasington fari ég með Kyrrahafsbrautinni til Seatlé, á leiðinni vildi ég sjá Niagarafossan, sem er



vatnsmesti foss heimsins, en það yrði nú krókur fyrir mig. Ég mundi fara yfir Klettafjöll en það er mikill fjallgarður á vesturströndinni. Ég hefði gaman af því að vera hjá afa mínum dálitinn tíma en ekki held ég að ég vildi frekar eiga þar heima en hér á Íslandi.

skrifaði V.S.V.
samdi Örn Harðarson.

Kæri vinur.

Ég ætla að láta þig vita, að ég er lifandi með því að skrifa þér fáeinar línur. Ég hef verið nokkurskonar landshorna-flækingur í sumar. Ég hefi verið hingað og þangað. Ég fór fyrst í vor austur í Landsveit og var þar í hálfan mánuð, svo fór ég heim til Reykjavíkur. Og þegar ég var

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

búinn að vera í viku heima, fór ég til
Ytri Njarðvíkur, Við Keflavík þar var
ég í hálfan mánuð svo fór ég heim
til Reykjavíkur og var heima í tvo
daga svo fór ég vestur í Stikkishólm
og var þar í 1 dag svo fór ég á
Breiðafjarðarbátnum yfir að Brjánslæk
við ~~svo~~ gistum við þar svo förum
við um morguninn yfir Lækjarheiði
og svo komum við niður í Trostangs-
fjörð því næst ~~svo~~ (förum við á mótorbát
yfór að Bíldudal þar vorum við í
fimm vikur. Svo förum við á mótorbát
inn Fossfjörð, síðan ~~svo~~ á hestum yfir
Fossheiði og því næst komum við niður
að Haga á Barðaströnd svo héldum við



áfram yfir að Brjánslæk, síðan með
Breiðafjarðarbátnum og yfir í Stikkishólm
og þaðan til Ólafsvíkur. Við gistum þar
þaðan förum við út á Sand, ég var þar
í fimm vikur. Síðan förum við út í Ólafsvík
hálfa leið á bíl, en hinn helminginn
gengum við. Við gistum í Ólafsvík eina nótt,
en förum í bíl næsta morgun inn í
Grundarfjörð. Þar vorum við í tíu
daga hjá Bárði oddvita í Innri-Gröf,
þar mældum við Grafarnes, en þar
er nýr verzlunarstaður, sem verið
er að reisa. Það þurfti þessvegna að skipu-
leggja götur og hús. Síðan förum við
til Stikkishólms. Þar gistum við í þrjár
nætur. Fyrsta daginn förum við inn að

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helgafelli og vorum þar í heilan dag
að mála, en hinn daginn fórum við
yfir að Þingvöllum í Þórsnesþingi,
en næsta dag fórum við niður
í Borgarnes og síðan með bíl fyrir
Hvalfjörð og til Reykjavíkur.

Vertu sæll vinur

Gunnar H Ágústsson. samdi

V.S.V. skrifaði

~~[illegible] [illegible]~~ Ameríka

Ameríka nær frá Norður-pólnum ~~að~~
til Suður-pólsins og liggur á Vestur-
hveli jarðar. Í Bandaríkjunum eru 48
sjálfstæð ~~[illegible]~~ sambandaríki, en auk þess ráða
þau yfir Alaska og mörgum eyjum.



Í Bandaríkjunum fæddust tveir frægir
menn, þeir Abraham Lingtón og Edison,
sem fann upp peruna og grmófninn, en
Abraham, sem útrýmdi þrælahaldi í Ameríku.
Ameríku er skipt í þrjá hluta Suður, Norður og
Mið-Ameríku. Í Norður-Ameríku er hveitiforða-
búr heimsins (það er Canada) en í Suður-Ameríku
er mesta kaffiland í heimi (það er Brasilía)
Mexikó er sjálfstætt ríki. Sagt er að þar hafi
mekið verið af allskonar glæpamönnum.
Í Mexikó eru mestu silfurnámur í heimi, ~~e~~
og auk þess finnst bæði gull og blý.
Olíulindir miklar eru þar líka. Fólkið er
blendigur af Indíánunum, Spánverjum og
Svertingjum. Það talar spænsku. Stærstu
borgirnar eru í Norður-Ameríku eru New york
stærsta borg í heimi Washington er

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfuðborg ríkjana. Í Pittsburg eru stærstur stál- og járnsmiðjur í heimi. Í Detroit eru stærstu bílasmiðjur í heimi. Chincagó er miðstöð verzlunarinnar. Þar eru mestu svínaslátrunarhús í heimi. Í Suður-Ameríku eru miklar olíulindir. Gunnar H. Ágústsson samdi

V. S V. skrifaði

Hr Marteinn Magnússon. R.v. k. 28/10.43

Kæri kennari

Þú hefur skipað svo fyrir að við skulum skrifa bréf, og það þýðir ekki fyrir mig annað en að hlýða. En ég veit varla hvað ég á að skrifa þér, en af því það verður eitthvað að vera, þá ætla ég að segja



þér frá því þegar ég fór austur að Stöng í Þjórsárdal, en pabbi, mamma, afi og amma voru með. Í fyrravetur var það ákveðið að pabbi skyldi fara með afa og ömmu austur í Þjórsárdal og lofaði pabbi að ég fengi að vera með, ef það væri hægt. Einn föstudag í júní í sumar fékk ég svo bréf frá pabba og mömmu um að þau kæmi næsta dag og ætluðu þau austur og ætluðu þau að taka mig með. En ég var í Sölfholti og er það skammt frá Selfossi. Svo lögðum við af stað. Við fórum með geysilegum hraða og stönsuðum ekki fyrr en á Brautarholti á Skeiðum. En þar var systir mín í sveit og átti ég að láta hana hafa böggul frá pabba og mömmu, og síðan lögðum

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við af stað aftur. Við komum í Þjórsárdal
um klukkan átta eftir hádegi. Í sama bili kom
Ferðafélag Íslands þangað, um 40 mans.
Þegar við komum var slagveðurarigning.
Pabbi hafði áður talað við bóndann á Ásólfsstöðum
um gistingu, og fékk hann skeyti um að hann
gæti fengið hana. En þegar hann sýndi Páli
skeytið var það skakkt. Þá bað pabbi hann
að lána sér tjald og fékk hann það.
Við fórum svo í bílnum niður að á en
þar er slétta við ána, og tjölduðum við þar,
og hefur mér aldrei verið eins kalt um nótt
og þá, og gat enginn sofið lengur en í hálfa
kl. í einu. Um morguninn fórum við á fætur
og hituðum kaffi, en ég og bílstjórinn fórum
að sækja mjólkina í bílnum. Því næst var



lagt af stað, en er við komum að ánni,
var hún svo vatnsmikil að við gátum ekki
farið á bílnum yfir ána. Við fengum því
að vera með bílnum, sem ferðafélagið var
með og fórum upp að Stöng, en þar er
sagt að Gaukur Trandilsson hafi búið í fornöld,
en þar eru engir mannabústaðir núna.
Síðan var farið upp að Háafossi og síðan
heim. Samið og skrifað af V.S.V.

# NÆTURLEIKUR

Allir drengir, sem eru skátar kannast við
næturleiki þeirra, þeir eru hafðir til þess að þjálfa
skátanna á ýmsan hátt, venjulega veit skátinn
ekki um ~~(þær)~~ hvenær þeir byrja. Foringinn segir:
Skáti er ávalt viðbúinn. Nú ætla ég að reyna að
segja frá ~~(...)~~ einum næturleik, sem gerðist í

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~-~~ sumar á skátaskólanum á Úlfljótsvatni.

Einn dag í sumar þegar við áttum rúmlega viku dvöl eftir (~~að vera~~) á Úlfljótsvatni var okkur tilkynt að stranglega væri bannað að hafa kertaljós í tjöldunum og ef einhver ætti vasaljós að lána þau svo að hver flokkur hefði vasaljós. Flokkarnir voru 7 og um kvöldið voru þeir allir búnir að útvega sér vasaljós. Ég og félagi minn Ingibergur vorum tveir einir í tjaldi: höfðum ekkert vasaljós, svo við sofnuðum fljótt. Við vorum búnir að sofa í tæpar tvær stundir þegar yfirforinginn Jónas B. Jónsson vakti okkur þá var klukkan 12 um nóttina. Jónas sagði okkur að það ætti að fara fram næturleikur og við yrðum að fara á fætur og koma með sér, úti var mirkur og hellirigning, við gengum vegin upp í skálann þar sagði Jónas okkur að ~~að~~ við ættum að leika slasaða



menn svo var lagt á stað með tjald og ýmislegt fleira. Við gengum nú allir þrír yfir túnið á Úlfljótsvatni og var ferðinni heitið út á mótstað, sem var inn með vatninu, þegar við vorum komnir dálitin spöl mundum við eftir því að við höfðum gleymt olíuluktinni ég var sendur til baka að sækja hana og kom ég fljótt aftur héldum við svo áfram yfir túnið og upp í hlíðina þar, sem hliðið var, þar var ég látinn bíða meðan Jónas og Ingibergur gengu niður með girðingunni að ~~st~~ ákveðnum staur þar létu þeir 6 bréf, svo var haldið af stað upp á veginn og eftir honum dálitin spöl fórum við svo út af honum og gengum út á mótstað. Við Ingibergur vorum altaf að detta í myrkrinu lagsins kornustum svið þó alla leið. Gátum við nú komið upp tjaldinu, þar næst reindum við að kveeka

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eld, en það var ekki hægt, vegna þess
að spíturnar voru svo blautar. Nú kom til
okkar Páll Gíslason foringi, sem hafði farið
aðra leið, hann hafði farið upp fjallið með
háspennulínunni, að áttunda staur frá skálanum
og hafði hann látið þar sex bréf og áttavita,
sagði hann okkur að hann hefði látið lugt upp
á hól skamt frá okkur, svo við þyrftum ekki
að kveikja bál. Ég var látinn leggjast niður
utan í hlíðinni og hafði ég miða ofan á
mér, sem stóð á hvað að mér væri. En Jónas og
Ingibergur lágu niður við tjald. Nú víkum
sögunni heim í skála, fyrst var einn flokkur
vakinn og svo hver af öðrum og sagt að fara á fætur og upp í
skála þar feingu þeir bréf, og í því stóð
að þeir ættu að finna áttunda staur í
háspennulínunni. Þeir lögðu nú af stað og



fundu hann, þar tóku þeir eitt bréfið, í því
stóð að mikið slys hafi orðið og að þeir ættu
að koma til hjálpar. Nú áttu þeir að rata eftir
áttavita og í bréfinu var getiðum þá stefnu, sem
þeir áttu að taka. Eftir svolitla stund fundu
þeir okkur og gerðu nú við meiðslin, sem
við áttum að hafa. Þegar þeir voru búnir að
því, feingu þeir bréf og í því stóð að
þeir áttu að finna áttunda girðingar staur frá hliðinu
Þeir leggja nú á stað og svo koma
næstu flokkar til okkar hver eftir annan, ég
fékk að fara heim í skála með einum flokknum
því (mér) ég var orðinn svo blautur þeir
fundu bréfið við áttunda staurinn og í því
stóð að mann hefði rekið á land milli
bæjanna og bátanna. Sumir flokkarnir
fundu manninn, en sumir ekki kom það

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til af því að naðurinn hafði breitt yfir sig svarta regnkápu, sáum við hann þá illa í birtunni frá vasaljósinu. Svo var farið upp í skála, þar fengu allir kakó ~~(Svo)~~ Síðan var farið að sofa.

Samið og skrifað eftir Gun. H.

Um skrifað Ísland, farsælda frón

Ísland hrímhvíta móðir frón farsælda og hagsælda hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáða frægðin bezt. Allt er hverveilt í heiminum og stund þíns fegursta frama lýsir langt fram í hooruinni öld sem leiftur um nótt



Landið var frítt og fagurt og tindar jöklanna fannhvítir himininninn blár og heiður og hafið bjart og skínandi. Þá komu frægu feðurnir og góðu frjálsræðishetjurnar hingað í sælunnar reit austan um hildýpis haf. Reista hér bú og bygðir í blómguðu skauti dalanna ukust að frægð og íþróttum og undu svo glaðir við sitt. Hátt upp á eldhrauni þar sem Öxará rennur en ofan í Almannagjá, stóð alþingi feðranna. Þar stóð hann Þorgeir á þingi

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar lýðurinn tók við brenni
þar komu þeir Gissur, Geir
Gunnar, Héðinn og Njáll þá
riðu hetjur um héruð og hrautbúinn
skip fluttu fyrir landi með
friðasta lið og fluttu varninginn.
heim. Það er svo bagt að
standa í stað og mönnunum
munar annaðhvort aftur á bak
ellegar nokkuð á leið. Hvað er
þá starfið okkar orðið í sex
hundruð sumur? Höfum við
gengið götuna fram eftir veg
til góðs. Landið er frítt og
fagurt og tindar jöklanna
fannhvítir himinninn blár og



heiður og hafið bjart og skínandi.
Hátt uppi á eldhrauni þar
sem Öxará rennur enn ofan
í Almannagjá alþingi er
horfið á braut. Nú er hún
Snorrabúð stekkur lyngið.
á lögbergi helga blánar hvert
ár af berjum börnum og hröfnum
að leik. Ó, þér unglinga fjöld
og Íslands fullorðnu synir
svona feðranna er frægð
fallin í gleymsku og dá

~~Samið~~ eft

Gunnar Hrafn Ágústsson

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

5. tbl. III. árg.

Ritstjórar eru: Halldóra Erla T. Halldóra S. Hulda S. H.

## Ásdís á Bjargi.

Ásdís var sú eina sem elskaði Gretti og hugsaði um, að auka gæfu hans og gengi. En mart gekk á móti bænum hennar og vonum. Snemma tók móðurauga hennar eftir því, meðan barnið lá í vöggu, að hann myndi verða hetja. Það var henni yndi. En öðru megin voru örlögin. Kvíði hennar óx, þegar hann komst á legg. Fólkið fannst hann stríðinn og hvesinn. En Ásdís kveið framtíð hans. Lítið hafði hann með sér af góðum gripum þegar hann fór að heiman. Enginn bað honum heilla né ósk, að hann kæmi aftur heim. En móðurhuginn ylgdi honum. Þó að

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

margt blási á móti átt þú kærleik minn.
Vertu góður maður, sonur minn, svo að ég
hrygg á hverju kvöldi af umhugsum um
þig. Hún tók sverð undan skikkju sinni.
Berðu það lengi og vel. En betra vopn ert þú
verður að bera. Stilltu skap þitt frændi, þá mun
framtíðin verða björt. Harmafarg lá yfir Bjargi út
af lífi Grettis. Óx það með ári hverju og öllum
fréttum af Gretti Ásdís fann hve ást hennar mátti sín
lítils. Þegar Grettir var í heiðarhreisunum á haustin, þá
mátti sín lítils vit kappans og kraftur því að
alltaf var hann hræddur við Glám. Um rúm hans
blésu norðanbilir og frost. Menn vildu honum alltaf
illa öfunduðu hann og sviku. Sú eina sem hugsaði
um ~~hann~~ hann var Ásdís á Bjargi. Hún bað fyrir
honum og grét á hverri nóttu það var sú ~~ást~~ ást sú eina
sem veitti útlaganum frið. Það var hans eina vörn



mót myrkralíðinu. Það var sá eini Grettis geisli,
er Glámur réði ei við. Þyngsta þörn Ásdís var, er hún
sendi Illhuga til Grettis. til þess að Gretti leiddist
minna. Aldrei grét hún, svo að aðrir sæu hvorki
fyr né síðar. Þá að heimurinn snúi við manni
bakinu og vinirnir bregðist, en móðurástin það bjarg
sem aldrei breytist Ásdís hefir ennþá völd víða
á meðal vor. samið af Ásdísi Óskarsdóttur
skrifað af Halldóra Erla T.

Ef ég væri bóndakona,

þá mundi ég búa í fallegum bæ. Húsið ætti að
vera hvítt með rauðu þaki. Það ætti líka allt að vera
þokkalegt fyrir utan bæinn, því að mér þykir svo
leiðinlegt að hafa drasl í kringum mig Ég vildi
líka eiga heima á fallegum stað. Á eina hlið
bæjarins mundi ég óska mér fjalls með góðu berjalandi
En fyrir neðan bæinn vildi ég að væri fallegt stöðuvatn

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég vildi líka hafa margar skepnur. Ég myndi vilja hafa kýr og hesta, kindur og hunda. Ég mundi alltaf mjólka kýrnar kvölds og morgna og skilja mjólkina, því að þá fengi ég rjóma. Svo verð ég líka að strokka til þess að fá smjör. Hestana mundi ég nota oft, því að mér þykir svo gaman á hestbaki. Ég mundi alltaf fara á milli bæja á hestunum. Á sumrin eru kindurnar reknar í réttina, því að þá þarf að rýja þær. Ullin er klippt af þeim og síðan er hún hreinsuð og þurkuð. Svo er farið að taka ofan af henni. Og um veturinn tek ég rokk minn og fer að spinna. Hundinn ætti að nota, þegar verið er að smala, því að hann er duglegur til þess.

samið eftir Eddu Óskarsdóttir

Skrifað af Halldóru Erla T.



Sumarið.

Ég fór með Esju vestur á Ísafjörð. Vorum við Edda samferða. Lögðum við af stað seinnihluta dags. Förum við (á) niður að hátta um 12-leytið og sofnuðum strax (já) og við lögðumst á koddann. Vöknuðum við aftur klukkan 7 og förum þá strax upp á þilfar. Kom Esja við á Patreksfirði og Bíldudal en stansaði svo stutt, að við gátum ekkert farið í land. Loks lagðist Esjan að bryggju á Ísafirði. Urðum við Edda þá að skilja. Var margt af fólki á bryggjunni til að taka á móti ýmsum kunningjum. Þótti mér ósköp gaman, en það versta þótti mér, að ég gat aldrei farið í sjóinn, því að það var alltaf svo kalt. Um miðjan júní snjóaði ofan í byggð

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarsögusafn Reykjavíkur

Fór ég 28 ágúst til (R) Reykjavíkur varð eg fyrst að fara með bil til Flateyrar (~~og svo með til~~) og svo með Bjarnarey til Reykjavíkur

samið eftir Halldóru Sveinsd.

## Í sumar

það er svo gaman í sveit að það er ekki ~~með orð~~ með orðum líst. Eg fór í sveit í ~~fyrra~~ firra-sumar. Eg fór norður í Strandasýslu á bæ sem heitir ~~sem~~ Broddadalsá. Eg fór með stúlku sem ætlaði á sama bæ og eg. Eg fór ~~strax~~ strax þegar skólinn var úti. við förum á laugardagsmorgni og komum ekki ~~fyrr~~ firr en á þriðjudagskvöld norður. og þegar við komum á bæinn sem við ætluðum á það var tekið vel á móti okkur það voru nokkrir krakkar á bænum



þegar við vorum búin að borða fórum við að hátta morguninn eftir fórum við snemma á fætur — en það var svo sem ekki til mikils að hlakka það var rigning og leiðinlegt veður við krakkarnir vorum ekkert glöð ~~yfir~~ af veðrinu. en allt í einu fann ein stelpan uppá því að koma í skollaleik við urðum glöð yfir þessari ráðningu en nú vandaðis málið ~~nú vildi~~ ~~neinn~~ nú vildi engin vera skollinn en ~~tók~~ að lokum varð eg að veran þegar leikurin stóð sem ~~hæðst~~ hæst þá vildi það óhapp til að eg rak mig á stigan og fekk kulu á ennið og allir krakkarnir ~~hlóg~~ hlóu að mér og svo urðum við að hætta leiknum

og upp frá þeirri stundu kölluðu krakkarnir mig kúlukolla svo ~~þegar~~ leið sumarið og alltaf jafn skemtilegt og fyrst svo fór eg heim um miðjan september og sá eg mikið eftir krökkunum af því þeir voru svo skemmtilegir og þegar eg kom suður fór eg í skólan 1. oktober en aldrei gleymi eg því sumri

Skrifað og samið af Huldu Ágústsdóttir 12-E

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

8. tbl. 1. árg.

Ritstjórar eru Guðmundur G. Árni P. Gunnar D.




## Jólin nálgast.

Jólin nálgast nú óðum dag frá degi og hlakka ~~ég~~ ég mjög mikið til jólana. Mér þykir mjög gaman um jólin og er það ekkert skrítið, því þá fær maður gjafir og, svo reyna líka allir að skemmta sér vel. Við eigum jólatré og rétt fyrir hver jól skreitum við það. Við eigum líka jólaskraut til að heingja  í loftið og skreitir það mjög mikið. Við eigum líka hús sem við klæðum með bómull og höfum jólasveina  fyrir utan til að príða með. Ég hugsa að ykkur þyki

Víðförull, bekkjarblað 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gaman á jólunum eins og mér.

Samið og skrifað eftir Guðmund Einar Guðjónsson.

## Skátaskólinn á Úlfljótsvatni.

Ég fór í skátaskólann að Úlfljótsvatni annan í hvítasunnu í vor. Ég var þar í rúma tvo mánuði. Foringi okkar var Jónas B. Jónsson, og líkaði mér ágætlega við hann. Þar voru fjórtán drengir, og voru því oft skemmtileg hjá okkur. Við höfðum tvo báta á vatninu, þeir hétu Stundvís og Ratvís. Stundvís var vélbátur og hafður til þess að sækja fólk yfir að Ljósafossi, sem kom í heimsókn til okkar. Við vorum til skiptis í eldhúsinu og líkaði mér það heldur illa, því að oft var gott veður og skemmtilegt að vera úti heldur en inni við að þvo upp diska.

Okkur þótti gaman að róa á vatninu og, svo fórum við líka í gönguferðir og útilegur.

Samið eftir Örn Harðarson skrifað eftir Guðmund E. G.



## Sendibréf.

Kæri Nonni minn!

Það er orðið langt síðan við höfum skrifast á og sagt frá því, sem á dagana hefir drifið. Reykjavík er mjög stór bær. En fyrrum var þetta lítið sjávarþorp með nokkrum torfbæjum. Mörg stórhýsi rísa nú daglega frá grunni, og bærinn stækkar með húsi hverju. Ég vann í 2 mánuði hjá hitaveitu Reykjavíkur og græddist mér þar talsvert fé, sem ég fékk að eiga sjálfur og ég lagði í bankann. Ég fór líka einn dag út úr bænum með pabba og mömmu uppí Skíðaskála. Var ég þar heilan dag. Ég gekk og upp á fjöllin þar í grend. Þar var mjög gott útsýni og sást t.d. til Reykjavíkur. (Um) Um klukkan 10 um kvöldið kom ég til Reykjavíkur. Og hefi ég nægilegt að gera að búa undir tíma.

Víkingur, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrirgefðu efnislítið bréf þinn einlægur:

Óttar E. Pálsson

Samið eftir Óttar E. Pálsson skrifað eftir Guðmund E. S.





Jólasveinum þykir líka gaman á jólunum.



## Í sumar

Það var sunnudagur og ég fór snemma á fætur. Veðrið var gott, sjórinn var spegilsléttur. Mér datt í hug Grettir Ásmundarson, er ég sá hinn merka sögustað Drangey. Gaman væri að vera eins sterkur og hann, hugsaði ég, en seint mun svo verða. Ég gekk upp á fjall, sem er fyrir ofan bæinn. Blómin voru svo undur-fögur og berin orðin stór og þroskuð.

Ég lagðist niður og hugsaði um hvað ég ætti að gera mér til gamans þennan góðviðrisdag, því að á sunnudögum var ég sjálfráður um hvað ég gerði. Fyrst datt mér í hug að fá hest og fara í reiðför. En þá mundi ég eftir því að bundið hafði verið á hestunum allan laugardaginn og þeir þurftu hvíldarinnar við eins og aðrir. Loks datt mér í hug að fara á silungsveiðar. Nú beið ég ekki boðanna, ~~hljóp~~ hljóp í einum spretti heim og inn í bæ, tók stöngina mína og lítinn kassa með önglum og ýmsu smá döti í og þaut niður að á. Er nú ekki að orðlengja það, en eftir tvo tíma fór ég heim glaður í bragði með stöngina á öxlinni en kassann og kippu með fimm silungakrílum í hendinni.

samið hefur Árni J. Pálmason
ritað eftir sama

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

## Ef ég væri bóndi.

Ef ég ætlaði að verða bóndi og ætti að kjósa mér bújörð, þá mundi ég kjósa mér Fell í Sléttuhlíð, þar sem ég er í sveit á sumrin. En ekki mundi ég láta mér linda jörðin eins og hún er núna, því að ýmislegt ~~ýmislegt~~ þarf til að hún njóti sín. Það fyrsta, sem ég mundi gera, er að byggja ný fjárhús, þar gömlu beitarhúsin standa nú, því önnur þeirra voru orðin svo léleg að það varð að rífa þau. Einnig mundi ég ræsa fram Kappastaðavatn, en það liggur í landareigninni og með því mundi fást mörg hundruð hesta véltækt land og auk þess lægi það vel við til öflunar heyja á beitarhúsin. Þá gæti ég trúað að hafa mætti þúsund fjár í Felli. Auk kjindanna mundi ég hafa samsvar~~ar~~andi kúabú, en það mundi verða svo sem ~~sem~~ tíu kýr.
Til jarðabóta koma sér vel vélarnar og þarf því þeim mun færri brúkunarhross sem þær eru meira notaðar. En þrátt fyrir það þarf fjöldamörg hross, bæði fyrir sláttuvélar, raxtrarvélar, snúningsvélar og fleira.
Svínarækt gæti vel borið sig, því að matarúrgángur verður mikill á svona stóru búi.



En fremur hænsnin væru arðsöm, að minsta kosti á tímum sem nú.
Nú sný ég mér að reiðhestunum, en þeir verða að minsta kosti að vera með og ekki síst, svo að ég og vinnuhjú mín geti skemmt sér á sunnudögum.
Þá er eingann veginn hægt að notast við bæinn eins og hann er. Bæði það að hann er of lítill og annað hitt að hann er garmur fyrir.
Rafstöð verður sett á bæjarhólinn og bæið verður það myndarlegasta í Skagafirði.
En byggingameistari þessara skýjaborga er ég.

Árni Jón Pálmason
ritað hefur höfundur

Kvæðið „Ásdís á bjargi"
eftir Jakob Thorarensen.

Ásdís á Bjargi var ein um það, bæði í verki og draumum að elska ~~Grett~~ Gretti og styðla að velgeingi hans. En vonir hennar og bænir voru tregar að rætast. Hið glögga móður-auga sá fljótt mikilmennið, sem bjó í ungbarninu. Það var hennar yndi — en hinnsvegar voru

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

örlögin óþekktu. Kvíðinn og þrautir Ásdísar þyngdust eftir því sem Grettir stækkaði
Með stríðni, hvefsni og strákabrekum fekk hann fólkið upp á móti sér. En Ásdís ein skildi afleiðingar þess í framtíð Grettis og kveið þeirra. Hinn sterki sveinn fór úr föðurgarði án annara djárna en móðurkærleikans Enginn aðrir óskuðu honum fararheilla eða afturkomu.
Ásdís sagði við Gretti:
„þá að þú metir mótlæti, átt þú kærleika minn, en leiðstu mig, sonur minn, frá kvíðanum fyrir kuldastormunum í lífi þínu. Láttu ekki hug minn vera harmþrunginn á hverri nóttu."
Þá tók hún sverð undan skikkju sinni og hélt áfram: „Berðu þetta sverð lengi og vel, því þess munt þú þurfa með, en ég tel þig verðann betri vopna. Still þú nú frændi stormana og stöðvaðu élin."
Að Bjargi bárust slæmar fréttir af Gretti og með hverju ári sem leið uxu harmar Ásdísar og hún fann til þess hvað ást hennar gat litlu við bjargað fyrir Gretti.
Kraftar Grettis, vit hans og snild, komu honum að litlu liði. Því Glámur sá um að gleði geislarnir næðu ekki að lýsa upp heiðahreisin þegar haustaði.



Hríðarbyljirnir næddu um flet hans. Öfund, illvild og svik mannanna viku aldrei frá honum.
En Ásdís ein bað fyrir honum og grét yfir ógæfu hans. Sú ást var það eina, sem færði útlaganum frið og veitti honum lið móti herjum myrkursins. Það var það eina sem Glámur réði ekki við.
Það var þyngsta fórnin fyrir Ásdísi, þegar Illugi fór með Gretti til þess að myrkrið yrði honum ekki eins þungbært.
Aldrei fyrr né síðar, sáu menn Ásdísi gráta.

Móðurástin stendur á bjargi og haggast aldrei, þó að hylli heimsins bili og allir vinir bregðist.
Hún ríkir enn á meðal vor.

samið hefir Árni Jón Pálmason
ritað eftir höfund.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Í sveitinni

Ég var í sveit að Likkju á Kjalarnesi. Mér fannst þar fjarska gaman. Ég og annar strákur rákum alltaf kýrnar en bróðir minn sótti hestana, þegar þess þurfti. Um sláttinn, var ég annaðhvort að snúa heyinu eða dejma ýtuna og stundum var ég á rakstrarvélinni og að aka heivögnonum. Einu sinni fórum við þrír strákarnir. Þeir hétu Addi og Haukur bróðir minn og ég í útreið Ég var á hvítum hesti, sem hét Kuggur og bróðir minn á gráum hesti sem hét Grettir, en Addi fór á rauðum hesti sem hét Stjarni. Ferðinni var heitið upp á Bleikdal. Við létum hestana brokka upp á Bleikdal. Þegar þetta gerðist, var alíðið sumars. Við höfðum með okkur litlar dósir til að tína ber í. Þegar við vorum komnir upp á Bleikdal, þá fórum við af baki og fórum að gá að berjum. Við fundum fullt af berjum byrjuðum við að tína Við ætluðum að sjá hver fistur yrði að fylla dósirnar. Bróðir minn var fyrstur. Svo þegar við vorum búnir að fylla þá lögðum við af stað heimleiðis. Þegar við vorum komnir miðja vegu, þá tóku hestarnir sprett alla leið heim.



það þótti okkur fjarska gaman. Hér lýkur nú frásögn minni.

samið hefur Magnús Ó. Magnússon
skrifar hefur Árni Jón Pálmason

## Ásdís á Bjargi

Ásdís var móðir Grettis Ásmundarsonar. Hún ein elskaði Grettir, en vonir hennar og bænir mættu mikilli mótspyrnu því það mátti snemma sjá að hann yrði mikill maður það vakti hjá Ásdísi bæði anau og kvíða þegar hann stækkaði varð hann fríðinn og ódæll og allir voru á móti honum þegar hann fór að heiman filgdi honum engar óskir, hvorki um hamingju né afturkomu. Það eina góða sem filgdi honum var móðurkærleikurinn. Ásdís sagði þó allt

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gangi á móti þér áttu minn kærleik, en láttu mig ekki sonur minn heilsa hverri nótt með harmi og kvíða yfir velferð þinni". Svo fékk hún honum sverð og bað hann að bera það lengi og vel. Hann mindi þurfa þess þó hún áliti hann þess verðan að hafa betri vopn. En frèttir frá lífi Grettis lögðust (~~yfir Bjarg~~) eins og farg yfir Bjarg. Ásdís fann hvað lítið ástin hennar gat hjálpað. Glámur hét draugur sá sem filgdi Gretti og ásótti hann svo hann sá fáar gleðistundir. frost og kuldi. öfund og svik voru hans filginautar. En alltaf bað Ásdís firir honum og hennar ást var sá eini geisli sem glámur réð ekki við. Þingsta fórnin sem hún Ásdís færði þegar hún Illuga son sinn fara í útlegðina til Grettis.



til þess hann væri ekki eins einmana. Aldrei fyr eða síðar nokkur maður séð Ásdísi gráta. Þó að allir vinir bregðist og öll heimsins hilli, þá er móður ást eilíf og bregst aldrei. Ásdís hefur ennþá völdin meðal mannanna

samið hefur Oddný Björsdóttir

skrifað hefur Gunnlaugur Gunnlaugsson

Ásdís á Bjargi

Ásdís var sú eina, sem þótti vænnt um Grettir og vildi hugsa um velferð hans en hún hugsaði líka um það dag og nótt. hið glögga móðurauga sá fljótlega hverning hann var. Kvíðinn og þrautir þingdust þegar hann var orðinn stærri. Stríðni hans og hrefnsiri astu fólk upp á móti honum en hún ein skildi hann og þegar hann fór fátækur að heiman, þá fylgdi hugur móður hans honum. Þegar hún kvaddi

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann gaf hún honum sverð og bað hann
að nota vel og með varkarni. En Grettir varð
ógæfusamur með árunum og Ásdís gat litlu um
það ráðið. Draugurinn Glámur ásótti Gretti og hann
varð út-lagi. svikinn og hafaður. en Ásdís bað
og grét. Ást hennar var eini geislin, sem
Glámur réð ekki við Þyngst varð ~~þrautin~~, Ásdísi
að láta Illuga son sinn fara í útlegðina með.
Grettir til samlætis. En svona eru mæðurnar en í dag

Samið hefur Þórdís Sveinsdóttir
Skrifað hefur Gunnlaugur Gunnlaugsson



Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur